

Leikskólinn Vinaminni
Asparfelli 10 111 Reykjavík
2022 – 2023



Framtíðarsýn leikskólans Vinaminnis

Í því metnaðarfulla skólastarfi sem nemendur öðlast í leikskólanum Vinaminni fara þeir sjálfstæðir, félagslega sterkir og með góðan málþroska á næsta skólastig þ.e. í grunnskólann. Þannig geta þeir byggt framtíð sína á traustum grunni tilbúnir að takast á við þær áskoranir sem á vegi þeirra verða, sigrast á þeim og komast á þann stall sem hugur og væntingar leiða þau í lífinu landi og þjóð til sóma.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022	5
3 Innra mat deilda	20
4 Innra mat sérkennslu	42
5 Innra mat – fjöltyngd börn	44
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	46
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	46
8 Foreldrasamvinna	46
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	47
10 Fylgigögn	49
10.1 Fylgiskjal 3 – Umsögn foreldraráðs	49
10.2 Fylgiskjal	50
10.3 Fylgiskjal	55
10.4 Fylgiskjal	57
10.5 Fylgiskjal	58

Leikurinn á vísdóm veit.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 er hverjum leikskóla skylt að starfa samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið og áherslur sem þar eru sett fram. Námskrá leikskólans Vinaminnis mótask af þeim áherslum sem lagðar eru í Aðalnámskrá leikskóla, af stefnu leikskólans og af þeim aðstæðum sem hann býr við. Hér er átt við ytri aðstæður og umhverfi skólans, þann faglega og persónulega bakgrunn sem mótask viðhorf leikskólakennaranna og starf. Skólanámskrá er endurgerð á 3ja til 5 ára fresti.

Í aðalnámskrá leikskóla menntamálaráðuneytisins segir að leikskóli sé fyrsta skólastigið og að hagar barna og velferð þeirra skuli höfð að leiðarljósi. Starfshættir og skipulag mótask af umhyggju, virðingu og lýðræðislegu samstarfi allra hagsmunaaðila. Auk þess segir að grunnþættir menntunar séu: Læsi sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Í Vinaminni eru þessir þættir hafðir að leiðarljósi í öllu starfi skólans.

Starfsáætlun er gefin út 30. júní ár hvert þar sem fram kemur endurmat á starfinu síðastliðið skólaár og umbótaáætlun á leikskólastarfinu fyrir skólaárið 2022-2023

Skólaárið hófst með Covid á hliðarlínunni eins og á síðasta ári. Þegar börnin sem hófu leikskólagöngu sína að hausti voru orðin aðlöguð og börn í skólanum höfðu færst milli deilda fór hefðbundið leikskólastarf af stað.

Má þar nefna hópastarf þar sem áhersla er lögð á að vinna með það þema sem börnin velja að vinna með yfir lengri tíma. Þá kafa börnin djúpt í fróðleik viðfangsefnisins en fyrst þarf að kanna hvað börnin vita um viðfangsefnið og er það skráð. Þegar viskubrunnarnir eru upp þornaðir er farið á netið til að finna meiri upplýsingar og lausnir ef þarf. Lesið er í fræðibókum um efnið og málin rædd meðal barnanna og deildarstjóra fram og til baka. Þegar málefnið eru komin á hreint að sögn barnanna fara þau að huga að lokaverkefninu en það er ýmist mótask úr leir, pappamassa eða öðru. Að lokum standa börnin uppi með þvilk listaverk í höndunum sem engan hafði grunað að börnin gætu gert. Gleðin yfir viðfangsefninu leynir sér ekki og þetta segir okkur að börnin geta það sem þau fá tækifæri til að gera.

Í Vísdomsstundunum eru börn á síðasta leikskólaárinu. Þau byrja skólaárið á því að vinna með tilfinningar, vináttu, hjálpsemi, kurteisi og jákvæð samskipti. Hugmyndir og umræða barnanna er skráð á flettistöflu og þær síðan rifjaðar upp aftur þegar þurfa þykir. Þegar líða fer á haustið fara börnin að vinna í leiklist, þau velja sér hlutverk og semja sögu í kringum hlutverkin sín, þau sauma sér leikbúninga og gera leikmynd. Að vori þegar börnin útskrifast úr Vísdomsstundum fá þau að gista í leikskólanum aðfaranótt laugardags. Á föstudagskvöldinu eru náttfötin sótt í töskur og poka um leið og klukkan slær fimm og allir eru farnir úr húsi. Mikil gleði ríkir í barnahópnum þau geta nefnilega lagt skólann undir leik og kátínu. Leikmyndin er sett upp og síðasta æfing fer fram. Allir sofna vært við lestur góðrar bókar eins og venja er á öllum góðum heimilum. Þegar þau hafa borðað morgunverð á laugardagsmorguninn er hafist handa við að greiða hár leikaranna, hárgreiðslurnar eru allt eftir því hvað hver er að leika. Síðan klæðast börnin búningunum og kl. 10:00 sýna þau foreldrum sínum leikritið við mikinn fögnuð stoltra foreldra. Börnin útskrifast síðan, fá söguna innbundna og myndskreytta eftir þau sjálf afhenta, viðurkenningarskjal og rós. Síðan bjóða þau gestum sínum í kaffi og köku. Ögleymanlegri skemmtun lokið.

Val, flæði og stöðvavinna er hinn frjálsi leikur barnanna í öllum skólanum, börnin skiptast á að ákveða hvað er í boði að gera á leiksvæðunum, skráð er hverju sinni hvað börnin velja að gera og hvaða börn ákváðu viðfangsefnið. Alltaf er einn starfsmaður til staðar fyrir börnin á hverju leiksvæði, hann tekur á móti börnum sem koma inn í hópinn sem er fyrir, hjálpar þeim að samlagast í leiknum og aðstoðar þá sem þurfa. Þetta er skemmtileg og þroskandi vinna sem fer þarna fram, börnin velja sér viðfangsefni og leika við það sem áhugasvið þeirra leiðir þau.

Starfsmannahald var á góðum nótum, starfsmannahópurinn er mikilvægasta aflið í skólastarfinu. Starfsmenn voru samheldnir og allir lögðust á eitt um að sinna börnunum af kostgæfni og sjá til þess

að þau fengju faglegt og gott starf í skólanum sínum. Ekki náðist að hafa deildarfundi eins reglulega og lagt var upp með í upphafi skólaárs en það er forsenda þess að sem best skólastarf náist með börnunum. Þar ræða starfsmenn saman um umbætur í starfinu, koma með hugmyndir að bættu starfi og skiptast á skoðunum. Næsta skólaár sjá deildarstjórar um að deildafundir fari fram í annarri hverri viku yfir skólaárið.

Covid kall hafði gripið einn og einn starfsmann yfir veturinn en í febrúar 2022 veiktist starfsfólkið sem ekki hafði þegar fengið veikina. Alls 13 starfsmenn veiktust í sömu vikunni og í fyrsta skipti síðan Covid 19 faraldurinn hófst þurfti að takmarka barnafjöldann í skólanum. Börn af tveimur deildum voru í einu í skólanum og skiptust á anna hvern dag að koma í skólann út eina viku. Þetta gekk samt fljótt og örugglega yfir og hefði sennilega ekki getað verið betra í þessu ástandi.

Á skipulagsdegi í mars 2022 flutti Ásthildur Snorradóttir talmeinafræðingur erindi um máltöku og málþroska ungra barna. Ásthildur hvatti starfsfólk skólans til að vinna að þróunarverkefni með málþroska barna því henni fannst allt starfsfólkið mjög áhugasamt um málþroska barna. Mikil ánægja var meðal starfsmanna með fyrirlestur Ásthildar og starfsfólk staðráðið í að fara af stað með þróunarverkefni um „máltöku og málþroska barna“ á næsta skólaári 2022 – 2023

Sumarið 2022 var skemmtilegt og mikið um að börnin á tveimur elstu deildum skólans færu í námsferðir út um víðan völl, má þar nefna hjólaferðir um nánasta umhverfi skólans, Hvalasafn, Árbæjarsafn, Húsdýragarðurinn, Þjóðminjasafnið, Klambatún, Landnámssýning, Nauthólsvík, Bessastaðir og Viðey.

Eins og önnur skólaár eru sjálfbærni, frumkvæði, jafnrétti, lýðræði, samskipti, virðing og vísindi einnig þættir sem taka rými í starfi skólans. Bernskuárin eru mótunarár barna þar sem grunnur er lagður að framtíð, velgengni og áframhaldandi námi barnanna á næstu skólastigum.

Einnig verður haldið áfram að kafa djúpt í kenningar Beritar Bae í starfsmannahópnum, en í rannsóknnum sínum telur Bae sig m.a. komast að því að viðhorf, viðmót og öll framkoma starfsmanna í leikskólanum gagnvart börnunum og starfsfélögum skapi forsendu fyrir þróunarmöguleikum þessara aðila.

Sólveig Einarsdóttir, leikskólastjóri

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Stjórnun			
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi. Leikskólastjóri hvetji leikskólakennara og annað starfsfólk markvisst til að auka gæði náms og starfs.	Umræður um gæði náms og starfs á fag- deildar-og starfsmannafundum. Skráningar.	Allir starfsmenn skólans	Leikskólastjóri er sýnilegur í starfinu með börnunum, styður og hvetur deildarstjóra og annað starfsfólk til að taka virkan þátt í starfinu með börnunum, auðga leikinn og leikgleði barnanna þannig að sem mestum þroskamöguleikum barnanna sé náð. Starfsfólk er misduglegt að taka þátt í leik barnanna, tala við þau og hafa orð á hlutum og athöfnum. Haldið verðu áfram á næsta skólaári að efla starfsfólk til að koma með hugmyndir í starfinu og framkvæma þær, þannig fær starfsfólk aukinn vilja til að taka þátt með börnunum.
Faglegt samstarf lýðræðisleg vinnubrögð einkenni samstarf í leikskólanum	Umræður á starfsmanna- og deildarfundum um lýðræði í leikskólanum Skráningar	Starfsfólk leikskólans	Allir starfsmenn skólans eru hvattir til að koma með hugmyndir að skólastarfinu með börnunum. Lýðræði ríkir í starfinu meðal starfsmanna sem er orðinn sjálfsagður hlutur. Gott að halda við á ári hverju.
Skólanámskrá, starfsáætlun áætlanir og verklagsreglur. Starfsáætlun unnin árlega með þátttöku aðila leikskólasam- félagsins.	Skólastjórnendur eru byrjaðir að undirbúa endurgerð skólanámskrár. Starfsáætlun, endurmat og áætlanagerð er gerð árlega með öllu leikskólasamfélaginu starfsfólki, börnum, foreldrum. Unnið á deildarfundum í foreldrafundum og í	Skólastjórar vegna skólanámskrárinnar. Starfsfólk, foreldrar og börn vegna starfsáætlunar	Skólastjórar eru byrjaðir að skipuleggja starfsferlið í endurgerð skólanámskrár þannig að allir (starfsfólk, börn, foreldrar) geti tekið þátt í því ferli. Starfsmenn voru sammála um að starfsáætlunin hafi verið með hæfilegum áætlunum um starfið síðastliðið skólaár. Foreldrar voru ánægðir með starfið og starfsfólkið. Börnin voru ánægð með starfið sjá endurmat barnanna hér að neðan.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Starfsþróunarsamtöl	endurmati með elstu börnum skólans að vori. Skráningar Starfsþróunarsamtöl eru í gangi Skráningar.	Starfsmenn skólans	Starfsþróunarsamtöl fóru vel af stað síðastliðið skólaár og sumir starfsmenn sem hafa sett sér skammtímamarkmið hafa fengið samtöl tvisvar yfir árið til að fara yfir markmiðin fylgja þeim eftir og endurmeta þau. Skráningar.
Uppeldis- og menntastarf			
Leikur og nám-lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Á deildar- fag- og starfsmannafundum var farið yfir skráningar í starfi skólans sem sýndu að börnin á öllum deildum fengu tækifæri til að hafa áhrif á viðfangsefni skipulagðra stunda og í frjálsum leik. Á Völusteini og Töfrasteini voru börnin hvött til að koma með hugmyndir og þau studd í að útfæra þær. Skráningar	Starfsmenn skólans tóku þátt í matinu, elstu börnin og foreldrar voru spurðir hvernig starfið hentaði þeirra barni/börnum í foreldraviðtölum í mars 2022	Á Völusteini og Töfrasteini skiptust börnin á við að ákveða hvað væri í boði að gera á valttímanum. Þau ákváðu viðfangsefni hópstarfs og vísdomsstunda. Á yngri deildum skólans skiptust börnin á að velja viðfangsefni í stöðvavinnu. Skipuleggja þarf betur þátttöku barna í að ákveða viðfangsefni í smíðju og sjá til þess að börnin á yngri deildum skólans fái að taka þátt í að ákveða viðfangsefnin í skipulögðu starfi og frjálsum leik reglulega..
Leitað verði leiða til að fá fram raddir barna sem ekki hafa færni í íslensku	Öll tvítýngd börn fengu tvisvar til þrisvar í viku einstaklingsþjálfun í íslensku máli hjá leikskólakennara óháð færni þeirra í íslensku eða framlagi frá	Leikskólastjórar, deildarstjórar og stuðningsaðilar	Börn sem hafa ekki færni í íslensku fá þjálfun í málþroska þ.e. orðaforða, setningaskipan og endursögn tvisvar til þrisvar í viku, þau fá einnig sögustundir með léttum sögum sem þau skilja betur og eflir þau í íslensku máli. Lögð er áhersla á að efla frásagnarhæfni barnanna með því að gefa þeim tækifæri til að segja frá hvað gerðist í sögunni eða segja frá eigin upplifunum á lífinu.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
	sveitarfélögum vegna slakrar getu þeirra. Umræður starfsmanna á deildum. Skráningar		EFI2 og Tras eru skimanir sem notaðar eru til að fylgjast með framförum þessara barna. Þessi einstaklingsþjálfun kemur vel út og er nauðsynleg að mati starfsmanna til að fjöltyngd börn geti sem fyrst skilið einfalt mál, skilið skipulag dagsins, farið eftir leiðbeiningum fullorðinna og geti tjáð sig sem best. Gekk vel og verður áfram í starfinu.
Fjölbreyttar leiðir séu farnar til að ná fram sjónarmiðum barna	Umræður á deildarfundum og starfsmannafundum, skráningar skoðaðar og nýjar skráningar gerðar.	Starfsmenn skólans.	Í skipulögðu starfi eins og í hópastarfi, vísdomsstundum, hópavinnu og stöðvarvinnu eru börnin hvött til að koma fram með sín sjónarmið og þau studd í að útfæra hugmyndir sínar. Einnig í umræðum við börnin í alstund og í samverustundum. Haldið áfram á sömu braut næsta skólaár.
Að unnið sé markvisst að eflingu vísinda og rannsóknarstarfi meðal barnanna og það endurspeglast í námskrá og starfi	Umræður á deildar-, fag- og starfsmannafundum um eflingu vísinda og rannsóknarstarfs í skólanum. Skráningar	Starfsmenn skólans	Vísindi og rannsóknarstarf er unnið í hópastarfi, vísdomsstundum og stöðvavinnu og í útikennslu. Börnin fá tækifæri til að vinna með einingakubba, ljósaborð, skrífa í sundur tæki svo eitthvað sé nefnt.
Unnið með heimamenningu allra barna í skólanum	Umræður starfsmanna á deildarfundum. Skráningar	Starfsmenn skólans.	Unnið er með heimamenningu allra barna í hópastarfi, vísdomsstundum og í umræðum við börnin. Ekki náðist að setja upp fána heimalanda barnanna né koma með hluti að heiman sem tengist menningu þeirra.
Mannauður/ leikskólabragur			
Starfsfólk komi með hugmyndir í starfi og fái	Á deildar- og starfsmanna- fundum er starfsfólk hvatt til að koma með hugmyndir í starfinu og framkvæma þær.	Starfsmenn skólans	Starfsmenn eru misduglegir að koma með hugmyndir í starfinu með börnunum. Deildarstjórar útteildu ákveðnum verkefnum til starfsmanna sem gerði það að verkum að starfsmenn urðu hugmyndaþrá og ánægðari í starfinu. Starfsmenn fengu stuðning og aðstoð deildarstjóra við að útfæra hugmyndir sínar ef þess

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
rými til að framkvæma þær.	Deildarstjórar studdu starfsmenn í að framkvæma hugmyndir sínar Skráningar		var óskað. Gekk vel.
Að starfsfólk efli sig í starfinu með börnunum, hvað varðar virka hlustun, virðingu, hvernig talað er við börnin, hvernig þeim eru sett mörk og starfsfólk sé meðvitað um tónhæð sína og raddblæ í samskiptum við börnin.	Á deildar-starfsmanna-og fagfundum var rætt um hvernig starfsfólk geti eft sig í starfinu með börnunum hvað varðar virka hlustun, virðingu, hvernig talað er við börnin og þeim sett mörk. Starfsfólk er að efla sig í að vera meðvitað um tónhæð sína í samskiptum sínum við börnin. Skráningar.	Starfsmenn skólans	Starfsfólk setti sér markmið hvað þessa þætti varðar. Starfsmenn voru sammála um að um leið og starfsmenn eru meðvitaðir um hvaða þætti þeir þurfa að bæta sig í fækkar skiptunum sem starfsmenn þurfa að skoða tónhæð og raddblæ sinn. Þessi þáttur verður áfram í starfinu og starfsmenn vanda sig meira og meira í samskiptum við börnin.
Endurmat elstu barnanna á starfi skólans skólaárið 2021-2022	Elstu börnin í leikskólanum voru spurð spurninga um skólastarfið að vori. Hvað var skemmtilegt að gera í leikskólanum? Hvað var leiðinlegt eða erfitt í leikskólanum? Hvað hefurðu lært í leikskólanum?	Elstu börnin í skólanum.	Hvað var skemmtilegt að gera í leikskólanum? Renna á sleða Barby Skrifa í stílabókina Leika með H (nafn á leikfélaga) Fara í Vísdomsstundir Þegar við vorum að sýna leikritið Að fara í ferð Að spila og lita Þegar það var snjór Að vera í strætó Gista í leikskólanum Búa til leikritið og sauma búningana

Hvað var matið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
	Hvað hefðirðu viljað hafa öðruvísi í leikskólanum? Vantaði eitthvað í leikskólanum? Skráningar		Fyrsta Vísdomsstundin og að æfa úti í Danshöll þegar útskriftin var og mamma og pabbi komu Hvað var leiðinlegt eða erfitt í leikskólanum? Pleymó og kanínudúkkurnar Ekkert Að róla þá gubba ég Þegar það var búið að taka lásinn af hjólinu mínu. Það var erfitt í hjólatúr mér var illt í fótunum. Að skamma Leiðinlegt þegar verið er að taka mynd af krökkunum. Veit ekki Þegar allir eru að segja eitthvað ljótt við mig í hjólatúr Þegar strákar eru að pirra mig Erfitt að skrifa í stílabókina og líka dálítið leiðinlegt. Hvað hefurðu lært í leikskólanum? Að meiða mann ekki og hafa ekki kveikt á kerti á nóttunni á veturna. Að syngja Að lesa bók og læra Að skrifa stafi og lesa bækur. Bara svolítið mikið stærðfræði. Að mála og lita. Hafa hendur undir borði og hlusta. Ég man ekki Veit ekki Er búin að læra að hjálpa landinu með það að gera það sem er rétt. Hvað hefðirðu viljað hafa öðruvísi í leikskólanum? Að allir væru ekki alltaf að rífast. Veit ekki Hafa hjarta í glugganum. Að hafa popp og nammi á hverjum degi.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
			Maður verður kannski pirraður út af krökkunum og maður vill ekki vera með þeim. Ég vildi að það væri ekkert leiðinlegt. Hjóla upp stórar brekkur. Ég hefði viljað hafa grænt grindverk í kringum garðinn eins og það var það var svo flott. Nei Stytta hjólaferðirnar ég er alltaf að deyja úr þreytu. Eiginlega ekkert. Vantaði eitthvað í leikskólanum? Að æfa sig að lesa bækur. Nei Að hafa litlar dúkkur til að leika með. Að fara snemma heim af því ég var alltaf síðust. Að fara ekki alltaf í köngulóavefinn og ærslabelginn. Hafa bláan körfubolta, ég elska körfubolta og fótbolta. Að hafa allskonar alvöru dýr á leikvellingum. Mætti hafa aðeins lengri sýningu. Uppáhalds bangsann minn, kisubangsann.
Niðurstöður úr innra mati séu formlega kynntar helstu hagsmunaaðilum.	Niðurstöður úr mati skólans kynntar helstu hagsmunaaðilum	Stjórnendur skólans kynna starfsáætlun fyrir skólaárið 2022-2023 Unnið er eftir starfsáætluninni	Skólastjórnendur kynna starfsáætlun fyrir skólaárið 2022-2023 fyrir starfsmönnum á skipulagsdegi 9. ágúst 2022 og foreldrum á foreldrafundi að hausti 2022

Ytra mat

Foreldrakönnun fer fram annað hvert ár og fór hún síðast fram skólaárið 2021-2022.

Umbótaáætlun leikskólans 2022-2023

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnendur sem faglegir leiðtogar	Að deildarstjórar séu fyrirmyndir og faglegir leiðtogar, skipuleggi starf deildanna og leiðbeini starfsmönnum á jákvæðan hátt og sjái til þess að starfið sé áhugavert og þroskandi fyrir börnin.	Umræður á deildar- og starfsmannafundum um gæði náms. Starfsfólkið er mikilvægasta aflið í starfi skólans og mikilvægt að það sé tilbúið til að taka virkan þátt í starfinu, sýni börnunum virðingu, beiti virkri hlustun, sýni þeim vináttu, velvild og kærleika. Skráningar	Deildarstjórar	10. ágúst 2022	1. maí 2023	Umræður á deildar- og starfsmannafundum. Skráningar.	Efla áhuga og vitund starfsfólks á starfinu með börnunum og auka þannig gæði náms og starfs. Deildarstjórar séu fyrirmyndir fyrir aðra starfsmenn og kenni starfsmönnum fagleg vinnubrögð. Að börnin fái fjölbreytt viðfangsefni sem stuðli að auknum þroska barnanna á öllum sviðum.
Faglegt samstarf	Að lýðræðisleg vinnubrögð einkenni samstarf í leikskólanum	Umræður á starfsmanna og deildarfundum um lýðræðislegt samstarf í leikskólanum gagnrýni og sjálfsskoðun. Skráningar.	Skólastjórar og deildarstjórar	10. ágúst 2022	1. maí 2023	Á deildar og fagfundum í starfsmannasamtölum og í foreldraviðtölum Skráningar.	Að lýðræðislegar áherslur verði skýrar í starfi og skólanámskrá skólans.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skólanámskrá	Leikskólastjórar vinna áfram að framkvæmd endurgerðrar skólanámskrár	Á skipulagsdegi 9. ágúst 2022 skipta leikskólastjórar viðfangsefnum milli starfsmannahópa sem vinna að umbótum skólanámskrárinnar skólaárið 2022-2023 Skráningar	Leikskóla- stjórar	9. ágúst 2022	1. maí 2023	Umræður á deildar- fag og fundum um starf skólans framkvæmd og vinnu við endurgerð skólanámskrárinnar. Skráningar.	Að endurgerð skólanámskrár verði unnin yfir skólaárið 2022-2023. Að í endurgerðri skólanámskrá komi fram þær áherslur í starfinu sem starfsmenn leggja til grundvallar í starfinu með börnunum og sem segir í aðalnámskrá menntamálaráðuneytisins
Uppeldis- og menntastarf							
Leikur og nám- lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Halda áfram að efla börnin í að hafa áhrif á viðfangsefni skipulagðra stunda. Leita eftir hugmyndum barnanna og þau studd í að útfæra og framkvæma þær. Börnin hafi val um viðfangsefni í skipulögðum stundum og í frjálsum leik á öllum deildum skólans.	Börnin á öllum deildum skólans skiptast á við að ákveða viðfangsefni skipulagðra stunda og viðfangsefni í frjálsum leik. Á eldri deildunum fá börnin tækifæri til að koma með hugmyndir og kennarar hjálpa þeim að útfæra hugmyndirnar. Viðfangsefni höfð aðgengileg og í sjónhæð barnanna svo þau geti haft góðan aðgang að viðfangsefnunum.	Deildarstjórar	10. ágúst 2022	1. maí 2023	Umræður við börnin, skráningar og mynd-skráningar. Starfsmenn skrái hvaða börn ákveða viðfangsefnin hverju sinni og hvaða viðfangsefni eru valin. Unnið með niðurstöður til úrbóta að vori. Öll börn fá sömu tækifæri. Skráningar.	Að börnin hafi áhrif á viðfangsefni skipulagðra stunda og í frjálsum leik og þau séu studd í að útfæra og framkvæma hugmyndir sínar. Börnin njóti þannig starfsins þau læri í gegnum leikinn á eigin forsendum.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
		Skráningar					
Fjölbreyttar leiðir séu farnar til að ná fram sjónarmiðum barna	Að hinir fullorðnu hlusti á börnin af athygli, virði hugmyndir og skoðanir barnanna og hjálpi þeim að útfæra hugmyndirnar.	Hlusta á börnin með athygli, tala við þau, ræða um hugmyndir þeirra við þau, hrósa þeim og hvetja þau áfram svo þau eflist í hugmyndum sínum. Skrá hugmyndir þeirra og hjálpa þeim að útfæra þær. Skráningar	Deildarstjórar.	10. ágúst 2022	1. maí 2023	Skrá niður leiðirnar sem eru farnar til að fá fram hugmyndir barnanna. Skoða hvaða aðferðir virka best til að ná fram sjónarmiðum barnanna. Skráningar. Metið á starfsmannafundum, deildarfundum og í samtali við börnin að vori.	Með því að börnin fái tækifæri til að koma fram með sjónarmið sín í starfi skólans eflist hugmyndaflug þeirra, þau þroskast í gegnum ferlið/námið og njóta betur starfsins og bernsku sinnar
Leitað verði leiða til að fá fram raddir barna sem ekki hafa færni í íslensku	Leitað verði leiða til að fá fram raddir barna sem ekki hafa færni í íslensku.	Innlögn á TMT á öllum deildum skólans. Börnin skiptast á að velja tákn vikunnar. Myndrænt dagskipulag. Myndrænt einstaklingsskipulag fyrir þau börn sem	Deildarstjóri og stuðningsaðilar	10. ágúst 2022	1. maí 2023	Skráningar, samskipti-bækur, umræður starfamanna á deildar- og fagfundum. Skráningar	Að börnin sem þurfa á örvun að halda í málþroska fái alla þá örvun sem kostur er á í skólastarfinu. Að börnin skilji dagskipulagið og hvað er fram undan í starfinu. Að þau geti tjáð sig um það sem þeim liggur á hjarta, geti notað TMT tákn til að tjá sig og síðan íslenska málið. Að auka orðaforða og samskipti allra barnanna. Þannig öðlast börnin öryggi og vellíðan í skólanum.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
		þurfa meiri stuðning í máltökunni. Auka hópastarf hjá elstu börnunum til að þjálfa samskipti og tjáningu. Sagnalestur og söngur. Einstaklings málörvunarstundir fyrir þau börn sem þess þurfa og því fylgt eftir með stuðningi á deild inni í barnahópinn. Skráningar					
Unnið sé markvisst að uppeldi til sjálfbærni og það endurspeglar bæði í námskrá og starfi.	Ferli hafið, börn og starfsmenn gera molu með afskurði ávaxta.	Halda áfram að gera molu með börnunum og þeim kennt að nýta moltuna. (þegar moltan er tilbúin til brúks). Börnin gróðursetja fræ að vori og fylgjast með plöntunum vaxa og sjá um þær. Börnin læri að flokka rusl og virða náttúruna. Skráningar	Deildarstjórar og starfsfólk deilda	10. ágúst 2022	1. maí 2023	Umræður við börnin og umræður á deildar -og starfsmannafundum. Skráningar	Að kenna börnunum fyrstu skref í sjálfbærni hvað varðar moltugerð og gróðursetningu og auka það svo smátt og smátt. Kennum börnunum að flokka rusl og af hverju við erum að flokka. Efla börnin í að bera virðingu fyrir náttúrunni og því sem hún gefur okkur. Kemur fram í endurgerðri námskrá.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Að unnið sé markvisst að eflingu vísinda og rannsóknarstarfi meðal barnanna og það endurspeglar í námskrá og starfi	Gefa börnunum tækifæri til rannsóknar- og vísindastarfa í leikskólanum	Í útikennslu er náttúran rannsökuð og börnin nota öll skilningarvit til að upplifa, uppgötva, þreifa á, sjá og finna það sem náttúran hefur uppá að bjóða. Stækkunargler, pokar til að tína í það sem fyrir augu ber og þeim finnst áhugavert. Gefa börnunum tækifæri á að gera tilraunir í flæði. Smásjár. Ljósaborð, einingakubbar o.fl. Myndskráningar og skráningar.	Deildarstjórar og starfsmenn deilda	10. ágúst 2022	1. maí 2023	Á deildarfundum, starfsmannafundum, deildarstjórufundum er rannsóknarstarfið og vísindastarfið endurmetið. Skráningar. Skráningar yfir veturinn hvernig gekk. Skráningar úr útikennslu, myndaskráning. Börnin taka þátt í endurmati, svör og ummæli barnanna skráð. Skráningar.	Vísinda og rannsóknarstarf eflir fróðleiksfýsni barnanna og hvetur þau til að vilja vita meira og meira.
Unnið með heimamenningu allra barna og starfsmanna.	Að vinna með heimamenningu allra barna í skólanum	Umræður við börnin á deildum um börn sem koma frá öðrum löndum. Umræður um menningarmun á Íslandi og í löndum sem börnin koma frá. Tungumál, matur, hiti, kuldi o.s.frv.	Allir starfsmenn skólans.	10. ágúst 2022	1. maí 2021	Umræður starfsmanna á deildinni um hvernig unnið var með þennan þátt og hvernig gekk. Skráningar	Að gera alla í skólanum meðvitaða um heimamenningu allra barnanna í skólanum og kenna börnunum að heimamenningsfólks er mismunandi. Að starfsmenn noti myndir, einföld orð og setningar við börn sem eru að koma inn í skólann og skilja ekki íslenskuna.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
		Umræður við börnin um að sumt fólk í leikskólanum sé að læra íslenskuna og við getum öll hjálpað þeim að skilja okkur. Skráningar					
Unnið að þróunarverkefni í öllum leikskólanum um málþroska barna.	Leggja af stað með þróunarverkefni um málþroska barna.	Fá Ásthildi Snorradóttur talmeinafræðing til að leiðbeina okkur hvernig best er að fara af stað með verkefnið. Halda reglulega fundi varðandi verkefnið og framgang þess. Skráningar	Leikskóla- stjórar, deildarstjórar, starfsfólk og foreldrar.	9. ágúst 2022	1. maí 2024	Umræður á deildar-, fag-, starfs- manna og foreldrafundum um hvernig gengur og hafa Ásthildi á hliðarlínunni okkur til halds og trausts. Skráningar	Með þróunarstarfinu erum við að skipuleggja málörvunarstarfið með börnunum þannig að öll kennsla verði markvissari, auðveldari í kennslu og áhrifameiri þar sem starfsfólk lærir nýja og auðveldari kennsluhætti. Allt starfsfólk skólans og foreldrar taki þátt í þróunarstarfinu. Þannig næst betri árangur.
Mannauður/ Leikskólabragur							
Að starfsfólk sækir símenntun	Að hver starfsmaður sækir námskeið sem hentar starfi deildarinnar eða fari í heimsóknir á leikskóla og fræðist um leikskólastarfið þar, fá hugmyndir og upplýsingar sem	Ýmist eru fengnir fyrirlesarar sem koma með fræðslu í skólann, starfsmenn fari á námskeið í gegnum internetið og einnig fá starfsmenn tækifæri til að sækja	Leikskóla- stjórar	9. ágúst 2022	1. maí 2023	Leikskólastjóri og deildar- stjórar skrá niður hvaða námskeið hver starfsmaður fer á yfir skólaárið.	Símenntun starfsmanna eflir starfsmenn í starfinu með börnunum, starfsmenn verða hugmyndaríkari, áhugasamari, glaðari og njóta sín betur í starfinu með börnunum.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
	nýtast í starfinu í Vinaminni. Fræðslan fari fram minnst 2svar á ári, einu sinni á haustönn og einu sinni á vorönn.	námskeið utan skólans og fara í heimsóknir í aðra leikskóla til að kynna sér starf þar. Skráningar					
Starfsfólk komi með hugmyndir í starfi og fái rými til að framkvæma þær	Að starfsfólk sé hvatt til að koma með hugmyndir sínar að nýjungum í starfi á framfæri	Hlusta á starfsfólkið, hrósa starfsfólkinu, gefa fólki svigrúm til að framkvæma hugmyndir sínar, styðja starfsfólk í að útfæra hugmyndir sínar. Skráningar	Deildarstjórar	9. ágúst 2022	1. maí 2023	Umræður í starfsmannahópnum, á deildar og á starfsmannafundum. Skráningar.	Ánægt, áhugasamt, hugmyndaríkt starfsfólk gefur meira af sér til barnanna og öllum líður vel.
Að starfsfólk efli sig í starfi með börnunum, hvað varðar virka hlustun, virðingu, hvernig talað er við börnin, hvernig þeim eru sett mörk og starfsfólk sé meðvitað um tónhæð sína og raddblæ í samskiptum við börnin	Að starfsmenn skoði sjálfa sig í starfinu með börnunum og efli sig í virkri hlustun, að bera virðingu fyrir börnunum tala við þau í lágum tónum og leyfa þeim að ráða ferðinni upp að ákveðnu marki. Styðjast við kenningar Beritar Bae um samskipti fullorðins og barns.	Að starfsfólk hjálpist að, minni hvert annað á með virðingu og fallegum orðum, starfsfólk hrósi hvert öðru fyrir að reyna og þegar vel tekst til. Halda áfram að kafa í kenningar Beritar Bae og þjálfar sig í fallegum samskiptum við börnin. Skráningar	Skólastjórar deildarstjórar starfsfólk	9. ágúst 2022	1. maí 2023	Umræður á deildar- og starfsmannafundum. Skráningar. Rætt um hvernig hægt sé að bæta sig enn betur í virkri hlustun, virðingu við börnin, tónhæð sinni og að leyfa börnunum að taka ákvarðanir. Skráningar	Forsenda þess að börnunum líði sem best í leikskólanum er að það sé borin virðing fyrir þeim, það sé talað fallega til þeirra og virk hlustun sé í aðalhlutverki í samskiptum við börnin. Að börnin fái að taka ákvarðanir um sig sjálf og fara eftir þeim.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Innra mat							
Niðurstöður úr innra mati séu formlega kynntar helstu hagsmunaaðilum	Á skipulags-degi 9. ágúst 2022 verða niðurstöður úr innra mati kynntar starfsfólki. Á foreldrafundi í september verða niðurstöður kynntar fyrir foreldrum.	Umræður starfsmanna um hvernig unnið verði með börnunum næsta skólaár þannig að umbætur í starfsáætlun fyrir skólaárið 2022-2023 nái fram að ganga. Á foreldrafundi í sept. 2022 verður starfsáætlunin kynnt fyrir foreldrum.	Skólastjórar	9. ágúst 2022 starfsmenn Sept. 2022 foreldrar.		Umræður starfamanna á skipulags og starfsmannafundum. Skráningar. Foreldrar hvattir til að kynna sér starfið vel og koma með hugmyndir að breytingum í starfi skólans. Skráningar	Starfsfólk tekur þátt í umbótum í starfi, og finnur hvað þarf að bæta í starfinu. Starfsfólk verður ábyrgðarfullra og vandvirkara í starfinu með börnunum. Foreldrar fá upplýsingar um umbætur í starfi skólans.

3 Innra mat deilda

Innra mat - Álfasteinn

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Málþroski barnanna á deildinni, starfsfólk hvatt til að setja orð á hluti og athafnir allan daginn, hafa lestrar og söngstundir 2svar á dag.	Umræður starfsmanna á deildarfundum. Skráningar.	Starfsmenn deildarinnar	Samverustundir þar sem lesið er fyrir börnin, skoðaðar myndir, sungið og leikið fóru vel af stað í byrjun skólaárs og fram að áramótum. Eftir áramót féllu þessar stundir nokkuð niður en í mars var starfið vakið verulega aftur upp á Álfasteini.
TMT og ritmál sýnilegt á deildinni	Umræður starfsmanna á deildarfundum. Skráningar	Starfsmenn deildarinnar	TMT var notað í daglegu starfi á deildinni og börnin voru farin að þekkja ýmiss ták. Táknin voru ekki hengd upp á deildinni og höfð sýnileg fyrir börnin. Unnið áfram með TMT næsta skólaár og táknin höfð sýnileg fyrir börnin á deildinni.
Líkamsvitund barnanna efld	Umræður starfsmanna á deildarfundum. Skráningar	Starfsmenn deildarinnar	Í söng voru börnin efld í að þekkja líkamshluta sína. Í samveru eru börnunum sýndar myndir af líkamshlutum og þau benda á hvar líkamshlutarnir eru hjá þeim. Haldið áfram með þetta verkefni næsta skólaár.
Að starfsfólk efli sig í starfinu með yngstu börnunum og verði öruggara í kennslu.	Umræður með starfsfólki deildarinnar og starfsfólk fái fræðslu um hvaða þorska þætti er verið að efla hjá börnunum í leik og starfi á deildinni. Skráningar.	Starfsfólk deildarinnar	Starfsfólk efli sig í því að sitja með börnunum í leiknum og leika með þeim, tala við þau um það sem þau eru að gera og kenna þeim t.d að kubba, að setja formkubba í kassa, að klæða dúkkurnar í föt o.s.frv. Starfsfólk sýni börnunum óskipta athygli og áhuga í starfinu og sinni þeim af gleði, alúð og kærleika.

Unnið með heimamenningu allra barnanna á deildinni	Umræður á deildarfundum. Skráningar	Starfsfólk deildarinnar	Þessi þáttur í starfinu fór alveg út um gluggann á Álfasteini. Ákveðið var að leggja meiri áherslu á það næsta skólaár að efla börnin í máltöku á íslensku og efla bæði íslensk börn og börn af erlendum uppruna í að ná tökum á íslenskum orðum. Vera með sýnilegar myndir fyrir börnin upp á vegg af t.d. dýrum, mat, fólki, farartækjum o.s.frv. og skoða þær með börnunum þegar þau sýna þeim áhuga og nefna heitin á myndunum.
---	--	-------------------------	---

Umbótaáætlun Álfasteinn 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
Málproski barnanna eflidur.	Efla orðaforða barnanna. Þar með að efla börnin í samskiptum við aðra í töluðu máli	Deildarstjóri leiðbeinir starfsfólki og hvetur það á jákvæðan hátt til að tala meira við börnin. Setja orð á athafnir og hluti allan daginn í öllum stundum. Hafa lestrarstundir og söngstundir tvisvar á dag. Hvetja starfsfólk til að sitja með börnunum í leik, efla þau og styrkja í leik og íslensku máli.	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar	10. ágúst 2022	1. maí 2023	Umræður á deildarfundum, skráningar. Samtöl við foreldra. Skráningar	Að börnin öðlist færni í máltöku og í íslensku máli og geti farið að nýta það í samskiptum við aðra.
TMT og ritmál sýnilegt á deildinni	Börnin geti tileinkað sér einföldustu tákn TMT	Nota tákn með töluðu máli. Alltaf sömu 3-4 táknin eru tekin í mánuð og svo bætt inn í eftir því sem börnin eldast. Myndir hvers tákns sýnilegt á deildinni. Skráningar	Deildarstjóri	10. ágúst 2022	1. maí 2023	Umræður á deildarfundum, skráningar, umræða við foreldra í foreldraviðtölum, skráningar	Að börnin verði fær um að þekkja og nota einföld tákn þegar það á við. Hafa táknin sýnileg á deildinni.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
Líkamsvitund barnanna efld	Unnið með heiti líkamshluta með börnunum	Benda á líkamshlutana og nefna heiti þeirra, skoða bækur, syngja söngva og skoða myndir sem tengjast efninu. Hafa myndir af fólki sýnilegar á deildinni fyrir börnin. Skráningar	Deildarstjóri	10. ágúst 2022	1. maí 2023	Umræður á deildarfundum yfir skólaárið. Skráningar	Að börnin eflist í líkamsvitund sinni og læri að þekkja líkamshluta sína.
Stöðvavinna 4 börn í hverjum hóp með einum starfsmanni. Í bland við frjálsan leik á deildinni	Vinna í litlum hópum með börnin á fjölbreyttum leikstöðvum. Einn starfsmaður með hvern barnahóp.	Börnin fara í leik á fjölbreyttum leikstöðvum eins og t.d. hreyfiþraut, kubbaleikir, boltaleikir, einbeitingar- viðfangsefni eins og púsl, leir, litir, stórir pinnar, dúkkur, dýr, bílar, listasmiðja o.fl. Starfsmenn fylgja barnahópnum sínun milli stöðva eftir c.a.5-10 mínútur eða þegar úthald barnanna á stöðvunum er á þrotum. Skráningar	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar	10. ágúst 2022	1. maí 2023	Á deildarfundum yfir skólaárið. Skráningar	Börnin fá sem fjölbreyttast starf sem þroskar alla þætti s.s. fínhyrfingar fegurðarskyn, samhæfingu augna og handa, málþroska grófhreyfingar og vitsmuna þroska,

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
Útivera,	Efla útiveru barnanna á Álfasteini.	Að gefa börnunum tækifæri til að fara meira út að leika. Útiveran eflir grófhreyfingar barnanna, þau fá ferskt loft í lungun, roða í kinnar og gleðiglampi skín úr augum þeirra. Skráningar	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar	10. ágúst 2022	1. maí 2023	Á deildarfundum og deildarstjóra fundum Skráningar	Börnin njóti útiveru eins og kostur er yfir skólaárið og fái tækifæri til að taka þátt í þeim viðburðum sem fram fara á leikvellingum yfir sumartímann s.s. á íþróttadögum, sulludögum, gulleitardögum o.s.frv.
Mannauður							
Starfsfólk efli sig í starfinu með yngstu börnunum	Að starfsfólk eflist í starfi og verði öruggara í kennslu.	Starfsfólk sitji í leik með börnunum og sinni þeim af áhuga. Baði þau í íslensku máli og sjái til þess að skipt sé oft um viðfangsefni, eftir áhuga barnanna. Kafa dýpra í kenningar Beritar Bae og einblína á samskiptin við börnin. Skráningar	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar	10. ágúst 2022	1. maí 2023	Umræður starfsmanna á deildinni um það hvernig gengur að efla sig í starfi. Skráningar	Að starfsfólk sýni börnunum virðingu og áhuga í starfi, tali við þau, kenni þeim og sinni þeim af kostgæfni af hlýju gleði og kærleika.

Innra mat Dvergasteinn 2021-2022

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Að efniviður sé krefjandi fyrir börnin og passa að bæta við verkefnum þegar börnin þurfa meira krefjandi viðfangsefni.	Umræður starfsmanna deildar og skráningar	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar.	Það kom fram í endurmati að þessi þáttur í starfinu gekk vel, börnin tóku ótrúlegum framförum í þroska og þau voru orðin flink í að ná í efnivið að þeirra geðþótta.
Að leyfa börnunum að vera með í ráðum með viðfangsefni skipulagðra stunda og í frjálsum leik.	Umræður starfsmanna á deildinni. Skráningar	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar	Það gekk mjög vel að leyfa börnunum að vera með í ráðum um viðfangsefni skipulagðra stunda og í frjálsum leik. Börnin skoðuðu myndir af því sem í boði var og þau völdu viðfangsefnin út frá myndunum. Viðfangsefnin eru í hæð barnanna í glærum kössum sem auðvelt er fyrir börnin að ná í. Skráningar vantaði.
Styðja betur við máltöku barnanna með því að bæta við ritmáli og tölustöfum, TMT myndum og Lubba-myndum, vera með orð á hlutum sýnileg, myndrænt dagskipulag. Lubbi finnur málbein, málhljóðin hans Lubba sögur og söngvar.	Skráningar og umræður starfsmanna á deildinni.	Deildarstjóri	Börnin flugu áfram í máltöku á Dvergasteini síðastliðið skólaár. Myndrænt dagskipulag sem gekk vel. Sögur og söngvar hafa alltaf verið hafðar í hávegum, mikið lesið og sungið auk þess sem TMT var notað í starfinu. Lubbastundir fóru ekki af stað og ekki heldur ritmál á deild eins og lagt var upp með. Haldið verður áfram þar sem frá var horfið næsta skólaár.
Sjálfbærni og vísindi.	Umræður starfsmanna á deildinni.	Deildarstjóri	Á Dvergasteini var unnið að moltugerð og rusl flokkað með börnunum en annað starf sem hafði verið ákveðið í þessum þætti fór ekki af stað. Skráningu var ábótavant.

Hvað var matið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
	Haldið áfram með það næsta skólaár.		
Unnið með heimamenningu allra barnanna á deildinni	Þessi þáttur féll niður á Dvergasteini síðastliðið skólaár.	Starfsmenn deildarinnar	Ekki var unnið með þennan þátt í starfinu síðastliðið skólaár
Að starfsmenn efli sig í starfinu með börnunum, virk hlustun, sitji með börnunum í leik og efli þannig leik barnanna þegar þarf. Fjölbreytileiki í verkefnavali barnanna, huga að öllum þroskaþáttum barnanna, efla með sér jákvæð vinnubrögð, gleði, áhuga og kærleika í garð barnanna.	Deildarfundir og umræður Deildarfundir voru ekki eins oft og ætlað var. Skráningum var ábótavant	Starfsmenn deildarinnar	Á Dvergasteini er mikilvægt að starfsfólk efli sig í starfi svo börnin fái sem mest út úr leikskólastarfinu. Töluvert vantaði á að starfsmenn sætu með börnunum í leik og sæju til þess að börnin fengju fjölbreytt viðfangsefni að kljást við. Virk hlustun, skoða þroska möguleika barnanna með leikefnum og í leiknum. Starfsfólk fékk ekki þann stuðning né fræðslu um mikilvægi þess að sitja í leik með börnunum, huga að öllum þroskaþáttum barnanna og efla þannig starfið á deildinni með börnunum Lögð verður áhersla á að starfsfólk deildarinnar sé meðvitað um hlutverk sitt með börnunum. Þessi þáttur í starfinu verður áfram næsta ár.

Umbótaáætlun Dvergasteini 2022-2023

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málþroski barnanna á Dvergasteini. TMT sýnilegt á deildinni.	Efla orðaforða barnanna. Þar með að efla börnin í samskiptum við aðra í töluðu máli. Að börnin geti tileinkað sér TMT tákn	Deildarstjóri leiðbeinir starfsfólki og hvetur það á jákvæðan hátt til að tala mikið við börnin. Setja orð á hluti og athafnir allan daginn í öllum stundum. Lestrarstundir og söngstundir tvisvar á dag. Hvetja starfsfólk til að sitja með börnunum í leik, efla þau og styrkja. Þannig vex áhugi starfsmanna gleði og ánægja. Leggja inn TMT, taka fyrir 2-3 tákn í mánuði, hafa þau sýnileg á deildinni fyrir börnin. Vera með Lubbastundir og söngva og sögur í tengslum við Lubba	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar	10. ágúst 2022	1. maí 2023	Umræður á deildarfundum, skráningar. Samtöl við foreldra. Skráningar	Að börnin öðlist færni í máltöku og í íslensku máli og geti farið að nýta það í samskiptum við aðra. Að börnin verði fær um að þekkja og nota einföld tákn TMT þegar það á við. Hafa táknin sýnileg fyrir börnin á deildinni.
		Skráningar					

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Efniviður sé við hæfi hvað varðar þroska og getu barnanna og sé hafður í hæð barnanna svo þau geti gengið að leikefninu.	Fara vel yfir efnivið deildarinnar og passa að hann sé krefjandi fyrir börnin.	Skipuleggja efnivið og verkefni barnanna vel, sjá til þess að hann sé krefjandi fyrir börnin. Passa að bæta við verkefnum þegar börnin þurfa meira krefjandi viðfangsefni. Skráningar	Deildarstjóri	10. ágúst 2022	1. maí 2023	Fylgjast með hvernig börnin nýta viðfangsefnin, og endurmeta reglulega. Skráningar. Umræður á deildarfundum. Skráningar.	Að börnin fái viðfangsefni við hæfi, krefjandi og þroskandi viðfangsefni og þau gleymi sér í leik inni á deild með öðrum börnum (hliðarleikur) og starfsmaður sé ávallt til staðar.
Gefa börnunum tækifæri til að vera með í ráðum við val viðfangsefna í skipulögðum og frjálsum leik.	Leyfa börnunum að vera með í ráðum með viðfangsefni skipulagðra stunda. Leyfa börnunum að ráða hvað þau leika með í frjálsum stundum, innan vissra marka	Vera með myndir af viðfangsefnunum sem eru í boði í skipulögðum stundum, leyfa börnunum að velja viðfangsefni skipulagðra stunda. Leyfa börnunum að velja viðfangsefni í frjálsum leik. Skráningar	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar	10 ágúst 2022.	1. maí 2023	Skrá hvaða börn tóku þátt í að velja hverju sinni svo allir fái tækifæri til að ákveða viðfangsefni skipulagðra stunda og í frjálsum leik. Umræður á deildarfundum, skráningar.	Börnin séu þátttakendur í að velja viðfangsefni skipulagðra stunda.
Líkamsvitund barnanna eflid	Unnið með líkamshlutana með börnunum í samverustundum.	Benda á líkamshlutana og nefna heiti þeirra, skoða bækur, syngja söngva og skoða myndir sem tengjast efninu. Hafa myndir sýnilegar á deildinni. Skráningar	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar	10. ágúst 2022	1. maí 2023	Umræður á deildarfundum yfir skólaárið. Skráningar	Að börnin eflist í líkamsvitund sinni og læri að þekkja líkamshluta sína.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stöðvavinna	Vinna í litlum hópum með börnin á fjölbreyttum leikstöðvum. Einn starfsmaður með hvern barnahóp	Börnin fara í leik á fjölbreyttum leikstöðvum eins og t.d. hreyfipraut, kubbaleikir, boltaleikir, dúkkur, dýr, bílar, einbeitingar-viðfangsefni eins og púsl, leir, litir, stórir pinnar og listasmiðja o.fl. Starfsmenn fylgja barnahópnum sínum milli stöðva eftir u.þ.b. 5-10 mínútur eða þegar úthald barnanna á stöðvunum er á þrotum. Gefa börnunum tækifæri til að fara út að leika þegar veður leyfir yfir veturinn. Skráningar	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar	10. ágúst 2022	1. maí 2023	Á deildarfundum yfir skólaárið. Skráningar	Börnin fá sem fjölbreyttast starf sem þroskar alla þætti s.s. fínhyfingar fegurðarskyn, samhæfingu augna og handa, málþroska grófhreyfingar og vitsmunaproska.
Sumarstarfið	Nýta sumarið og góða sumardaga til að leyfa börnunum að njóta útiveru, hreyfingar og náttúrunnar. Fara með börnin í litlum hópum út fyrir garðinn svo þau finni frelsistilfinningu.	Fara í vettvangsferðir og nýta fallega gróna umhverfið kringum skólann á sumrin. Gefa börnunum tækifæri til að fara út fyrir garðinn og njóta. Taka tjald með út fyrir garðinn og leyfa börnunum að fá útilegu tilfinningu. Skráningar	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar	1. maí 2023	30. júní 2023	Umræður starfsmanna á deildarfundum, umræður við foreldra. Skráningar	Börnin njóti útiveru eins og kostur er yfir skólaárið og þau fá tækifæri til að taka þátt í þeim viðburðum sem fram fara á leikvöllinum s.s. íþróttadögum, sulludögum, gullleitardögum o.fl.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Mannauður							
Starfsfólk efli sig í starfinu með börnunum	Að deildarstjóri leiðbeini starfsmönnum á jákvæðan hátt með starfshætti, hlutverk starfsmanna, mikilvægi þess að vera með börnunum í leik og kennslu. Að starfsfólk eflist í starfi og verði öruggara í kennslu. Vinna með kenningar Beritar Bae um samskipti barna og fullorðinna.	Starfsfólk sé meðvitað um mikilvægi þess að sitja með börnunum í leik og sinni þeim af áhuga. Baði þau í íslensku máli og sjái til þess að skipt sé oft um viðfangsefni, eftir áhuga barnanna. Skráningar	Deildarstjóri	10. ágúst 2022	1.maí 2023	Umræður starfsmanna á deildinni um það hvernig gengur að efla sig í starfi. Skráningar	Að starfsfólk sýni börnunum virðingu og áhuga í starfi, tali við þau, kenni þeim og sinni þeim af kostgæfni, hlýju og kærleika þannig að þroskamöguleikar barnanna séu sem mestir og bestir.

Innra mat Völusteini 2021-2022

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Efla hugmyndir og sköpunargáfu barnanna	Umræður á deildarfundum Skráningar.	Starfsmenn deildarinnar	Að starfsmenn gefi börnunum tækifæri til að tjá sig hverju á sinn hátt, að starfsmenn hlusti á börnin með athygli og efli þannig frásagnargleði barnanna og styðji þau í að framkvæma hugmyndir sínar. Alltaf má bæta þennan þátt, verður áfram næsta skólaár. Skráningar
Að börnin séu þátttakendur í að áveða viðfangsefni skipulagðra stunda.	Umræður á deildarfundum skráningar	Starfsmenn deildarinnar	Að börnin fái tækifæri til að ákveða viðfangsefni skipulagðra stunda og í frjálsum leik. Þannig eflist sjálfstæði barnanna og leikgleði eykst. Gekk vel og verður áfram í starfinu. Skráningar
Unnið með heimamenningu allra barna á deildinni	Umræður starfsmannaá deildinni. Skráningar	Starfsmenn deildarinnar	Í umræðum við börnin á deildinni kom fram að ekki eru allir eins, uppruni, lífshættir, tungumál. Matur. Börn og starfsmenn ræddu saman um menningu frá öðrum löndum. Ekki náðist að setja upp fána eins og lagt var upp með eða að börnin kæmu með hluti að heiman sem tengist heimamenningu þeirra. Skráningar

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Efla hugmyndir og sköpunargáfu barnanna	Umræður á deildarfundum Skráningar.	Starfsmenn deildarinnar	Að starfsmenn gefi börnunum tækifæri til að tjá sig hverju á sinn hátt, að starfsmenn hlusti á börnin með athygli og efli þannig frásagnargleði barnanna og styðji þau í að framkvæma hugmyndir sínar. Alltaf má bæta þennan þátt, verður áfram næsta skólaár. Skráningar
Að börnin séu þátttakendur í að áveða viðfangsefni skipulagðra stunda.	Umræður á deildarfundum skráningar	Starfsmenn deildarinnar	Að börnin fái tækifæri til að ákveða viðfangsefni skipulagðra stunda og í frjálsum leik. Þannig eflist sjálfstæði barnanna og leikgleði eykst. Gekk vel og verður áfram í starfinu. Skráningar
Unnið með heimamenningu allra barna á deildinni	Umræður starfsmannaá deildinni. Skráningar	Starfsmenn deildarinnar	Í umræðum við börnin á deildinni kom fram að ekki eru allir eins, uppruni, lífshættir, tungumál. Matur. Börn og starfsmenn ræddu saman um menningu frá öðrum löndum. Ekki náðist að setja upp fána eins og lagt var upp með eða að börnin kæmu með hluti að heiman sem tengist heimamenningu þeirra. Skráningar

Umbótaáætlun Völustein 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Efla hugmyndir og sköpunargleði barnanna	Að efla hugmyndir og sköpunargleði barnanna	Gefa börnunum tækifæri til að láta hugmyndir sínar í ljós. Efla útikennslu á haustdögum og vordögum þar sem börnin geta komið hugmyndum sínum og upplifunum á framfæri. Einnig fá börnin tækifæri til að vinna úr upplifunum sínum í smíðju. Skráningar.	Deildarstjóri starfsfólk og starfsmaður sem ber ábyrgð á útikennslu	10. ágúst 2022	1. maí 2023	Skráningar á hugmyndum barnanna og i, umræðum við börnin og umræður starfsmanna á deildarfundum. skráningar	Að hugmyndarflug og sköpunargleði barnanna fái að njóta sín á þeirra forsendum. Starfsmenn styðji þau í sköpunargleðinni.
Að börnin séu þátttakendur í að ákveða viðfangsefni skipulagðra stunda og í frjálsum leik.	Gefa börnum tækifæri til að hafa áhrif á viðfangsefni skipulagðra stunda og í frjálsum leik	Börnin skiptast á að vera umsjónarmenn. Í því felst að þau hafa áhrif á skipulagt starf dagsins. Þau velja lög til að syngja í söngvali, velja viðfangsefni í skipulögðum stundum og í frjálsum leik. Skráningar.	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar	10. ágúst 2022-	1. Ágúst 2023	Skráningar skoðaðar og umræður á deildarfundum. Skráningar.	Börnin taki ákvarðanir eftir sínu innsæi. Að börnin hafi áhrif á viðfangsefni skipulagðra stunda og í frjálsum leik.
Efla málþroska barnanna, kynna hljóð, sögur og söngva stafanna fyrir börnunum (Lubbi).	Efla börnin í íslensku máli með Lubba stundum, lestri bóka, söng, TMT, umræðum við börnin og ekki síst hlusta á	Vera með „Lubba stundir“ með börnunum og kynna fyrir þeim hljóð stafanna, lesa sögur og syngja í tengslum við efnið. Efla	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar	10. ágúst 2022	1. maí 2023	Umræður starfsmanna hvernig gengur og hvað þarf að lagfæra svo börnin fái sem mest út úr	Að börnin auki orðaforða setningaskipan, frásagnarhæfni og geti tekið þátt í leik með öðrum börnum og átt eðlileg samskipti við þau. Þannig eykst vellíðan barnanna og þroskamöguleikar þeirra í leik og starfi í leikskólanum.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Að börnin fái tækifæri til að segja frá bæði eigin upplifunum, úr sögum og segja frá myndum.	börnin af athygli og gefa þeim tækifæri til að nota málið í öllu sem þau gera.	frásagnargleði barnanna með því að þau segja frá upplifunum sínum eða hvað er að gerast á myndum í samveru- stundum og söngstundum. Skráningar.				starfinu og eflist í málþroska. Lagfæringar og skráningar	
Efla börnin í talnaskilning og þekkingu þeirra á litum og efla fínhyrningar þeirra.	Efla börnin í talnaskilning og þekkingu þeirra á litum og efla fínhyrningar þeirra.	Efla börnin í talnaskilning, t.d. hvað stendur á bak við töluna 2 = tveir hlutir Að börnin læri litina og eflist í fínhyrningum þar sem hugur og hönd vinna saman. Skráningar	Deildarstjóri	10. ágúst 2022	1. maí 2023	Umræður starfsmanna á deildarfundum og fagfundum. Skráningar.	Að börnin nái tökum á því að telja hluti og skilja hvað stendur bak við tölurnar. Einnig efla fínhyrningar þeirra.
Stöðvavinna og frjáls leikur	Að börnin fái tækifæri til að starfa í stöðvavinnu. Börnin eru þá í 5- 10 mínútur á hverri stöð til að byrja með. Einn starfsmaður fylgir hverjum barnahópi í gegnum stöðvarnar. Tími barnanna á hverri	Að gefa börnunum tækifæri til að leika í stöðvavinnu og í frjálsum leik í fámennum hópi barna Skráningar	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar	10. ágúst 2022	1. maí 2023	Umræður starfsmanna á deildar- og fagfundum. Skráningar.	Með stöðvavinnu og í frjálsum leik eru börnin að fá fjölbreytt og krefjandi viðfangsefni í fámennum hópi jafnaldrar. Þannig fá börnin tækifæri til að þroska færni sína í leik með öðrum börnum, lengja leikþol og auka einbeitingu. Starfsmenn fá gott tækifæri til að fylgjast með þroska hvers og eins barns og grípa inn í og aðstoða í leiknum ef þarf.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	stöð lengist svo smátt og smátt eftir þoli, áhuga og getu barnanna.						
Stuðla að því að útikennslan fái nægt rými í starfinu á Völuseini	Gefa útikennslu rými í starfinu að hausti og vori.	Gefa börnunum tækifæri til að fara í útikennslu á haustdögum og vordögum þegar náttúran er að taka sem mestum breytingum og veðrið er viðráðanlegt. Skráningar	Deildarstjóri og starfsmaður sem sér um útikennslu með börnunum.	10. ágúst 2022	1. maí 2023	Umræður starfsmanna á deildar- og fagfundum. Skráningar	Í útikennslu vikka börnin sjóndeildarhring sinn og læra að njóta náttúrunnar, fuglanna, ferska loftsins, gróðursins og þau læra að ganga vel um náttúruna og bera virðingu fyrir henni, auk þess sem ýmiss konar rannsóknarstarf á sér stað í útikennslu
Sumarstarfið	Að sumarstarfið sé skemmtilegt og fjölbreytt fyrir börnin. Sjá fylgiskjal.	Að sumrastarfið sé fjölbreytt og skemmtilegt fyrir börnin, útveran nýtt vel, ferðir í húsdýragarðinn, á Árbæjarsafn, vettvangsferðir og rannsóknir í náttúrunni. Skráningar	Deildarstjórar og starfsfólk deildarinnar	10. ágúst 2022	1. maí 2023	Umræður starfsmanna á deildar- og fagfundum. Skráningar	Að börnin njóti náttúrunnar og þeirra auðlinda sem hún hefur að bjóða, fegurðarinnar, loftsins, gróðursins, fuglanna og að læra að hugsa vel um náttúruna. Fjölbreytnin eykst með breyttum kennsluháttum og leiðum úti í náttúrunni. Börnin læra ferðareglur, umferðarreglur og þau vikka sjóndeildarhring sinn.
Mannauður							
Að starfsfólk verði öruggara í starfi og meðvitað um hvaða þroska er verið að ná fram með starfinu með börnunum	Að starfsfólk sé meðvitað um hvað það er mikilvægt að hinir fullorðnu séu til staðar fyrir börnin leiðbeini þeim og kenni.	Að deildarstjóri leiðbeini starfsfólki á jákvæðan hátt í starfinu með börnunum og sé góður stuðningur við þá svo þeir öðlist öryggi og ánægju í	Deildarstjóri	10. ágúst 2022	1. maí 2023	Umræður á starfsmanna og fagfundum. Skráningar	Að starfsfólk verði öruggt í starfi með börnunum og viti hvaða markmiðum er verið að vinna að og leggi sig fram við að ná þeim.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
		starfinu. Halda reglulega deildarfundir. Skráningar					
Að starfsfólk efli sig í starfi með börnunum.	Að starfsfólk efli sig í starfinu með börnunum. Að starfsfólk sé meðvitað um kennsluhætti sína.	Deildarstjóri/leikskóla stjóri haldi fundi (í annarri hverri viku yfir skólaárið) með starfsfólki deildarinnar ýmist með einum starfsmanni í einu eða öllum starfsmönnum deildarinnar til að kenna, leiðbeina, hrósa og styðja við starfsfólkið í kennslu. Að efla ánægju barna og starfsmanna í starfi. Starfsfólk sitji með börnunum í leik, tali við þau og noti virka hlustun í samskiptum sínum við börnin. Starfsmenn séu meðvitaðir um kennsluhætti sína og skoði þá með gagnrýnum augum. Rýna í hugmyndir Beritar Bae um samskipti fullorðinna og barna. Skráningar	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar	10. ágúst 2022	1. maí 2023	Á deildarfundum aðra hverja viku yfir skólaárið Skráningar	Að starfsfólk verði meðvitað um ábyrgð sína í kennslu með börnunum og það hafi jákvæð áhrif á kennsluhætti starfsfólks og auki þar með gleði og starfsánægju þeirra.

Innra mat Töfrasteinn 2021-2022

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Leikur og nám, jafnrétti og þátttaka barna.	Börnin skiptust á að velja viðfangsefni skipulagðra stunda. Skráningar	Starfsmenn deildarinnar Skráningar	Skráningar gengu vel, alltaf skráð hvað börnin völdu að gera og hvaða börn völdu viðfangsefni hverju sinni. Lokið
Leitað verði leiða til að fá fram raddir barna sem ekki hafa færni í íslensku.	Sjá umbótaáætlun leikskólans.		
Sjálfbærni og vísindi	Flokka rusl. Rannsóknarvinna og vísindi fóru fram í útikennslu og í úrvinnslu í smíðju. Einnig fóru vísindi og rannsóknir fram í þemavinnu í hópastarfi. Skráningar	Starfsmenn deildarinnar Skráningar	Útikennsla datt nokkuð niður vegna veðurs í dimmstu mánuðunum en tók við sér á vördögum. Rannsóknarvinna og vísindi fóru fram í Smíðju og í þemavinnu í hópastarfi. Ekki náðist að gróðursetja eða endurvinnna pappír. Útikennsla verðu áfram í starfinu á haustdögum og aftur á vördögum.
Unnið með heimamenningu barnanna á deildinni	Umræður starfsmanna á deildinni. Skráningar.	Starfsmenn deildarinnar Skráningar	Heimamenning fór fram í samtölum og fræðslu við börnin þar sem rætt var um hvaðan börnin væru sem tala ekki íslensku. Ekki náðist að setja fána landanna upp né koma með hluti að heiman sem tengist menningu barnanna. Umræður við börnin um menningu þjóða verður í starfinu næsta skólaár.

Umbótaáætlun Töfrasteinn 2022-2023

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Sjálfbærni og vísindi	Sjálfbærni og vísindi	Börninn vinna með sjálfbærni og vísindi í hópastarfi og vísindisstundum. Gróðursetning og heimsókn í gróðrarstöð að vori. Rannsóknir og vísindalegar kannanir úti í náttúrunni og unnið með verkefni í Smiðju tengda útikennslu. Moltugerð, einingarkubbar og ljósaborð svo eitthvað sé nefnt. Skráningar	Deildar stjóri og starfsmaður sem sér um úti-kennslu	10. ágúst 2022	1. maí 2023	Á deildar- og fagfundum. Skráningar	Sjálfbærni, vísinda og rannsóknarstarf eflir fróðleiksfýs barnanna og hvetur þau til að vilja vita meira og meira. Að börnin læri af hverju við erum að flokka rusl og endurnýta.
Leikur og nám jafnrétti og þátttaka barna	Börninn fá tækifæri til að hafa áhrif á viðfangsefni skipulagða starfsins og viðfangsefni í frjálsum leik.	Útbúin verða skráningarblöð sem skráð er á hverju sinni hvaða barn setur upp valið fyrir börnin. Einnig er skráð hvaða barn velur viðfangsefni skipulagðra stunda og viðfangsefni í frjálsum leik.	Deildar stjóri	10. ágúst 2022	1. maí 2023	Á deildarfundum. Skráningar	Að öll börn fá tækifæri til að ákveða viðfangsefni skipulagðra stunda og í frjálsum leik
Alstundir Samverustundir/sögu- stundir söngstundir	Alstund er í upphafi dags, þá er farið yfir dagskipulagið. Samveru/sögu- stundir daglega, söngstundir 2svar á dag fyrir matmálstíma.	Alstund er í upphafi dags, þá sitja börn og starfsmenn saman og deildarstjóri fer yfir skipulag dagsins, myndrænt, og miðlar nauðsynlegum upplýsingum til barnanna. Morgunsöngurinn er sunginn og spilað eitt íslenskt dægurlag.	Deildar stjóri og starfsmenn deildar.	10. ágúst 2022	1. maí 2023	Á deildarfundum. Skráningar	Að börnin fá öll í einu nauðsynlegar upplýsingar í upphafi dags. Börnin skiptast á að velja sögu og söngva. Þau læra góða íslenska texta og skilja innihald þeirra. Syngja gömul íslensk barnalög með börnunum svo menningararfleifið íslenskra barnalaga fái að lifa með nýrri kynslóð. Vekja áhuga barnanna

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
		Í samveru/sögustundum eru lesnar sögur fyrir börnin og þau efld í málproskanum. Í söngstundum syngja allir fullum hálsi fjölbreytt lög og söngva. Söngurinn er gleðigjafi, málörvandi og fyllir hjörtun vellíðan. Lögð er áhersla á að syngja gömul íslensk barnalög með fjölbreyttum íslenskum orðum. Skráningar					á gömlum orðum og orðasamböndum og auka þannig orðaforða barnanna.
Val	Börnin velja sér leiksvæði og viðfangsefni á mánudögum og miðvikudögum	Valkerfið er hinn frjálsi leikur. Börnin skiptast á að velja hvaða valsvæði eru í boði að leika á og þau velja hvað er í boði að gera á valsvæðunum. Skráningar	Deildar stjóri og starfsmenn deildar.	10. ágúst 2022	1. maí 2023	Á deildarfundum. Skráningar	Með valinu eru börnin að efla sjálfstæði sitt þau skiptast á að ákveða hvað er hægt að gera á valsvæðunum. Börnin þurfa að standa við val sitt og vera á því svæði sem þau völdu að leika á í 25-30 mínútur. Þannig lengist einbeiting barnanna og athyglin styrkist.
Hópastarf, þemastarf	Börn fædd 2018 fara í hópastarf/þemavinnu einu sinni í viku f.h.	Einu sinni í viku fá börn fædd 2018 og 2019 hópastarf/þemavinnu yfir skólaárið. Þar er unnið með það þema sem börnin ákveða að vinna með hverju sinni. Þau leita sér upplýsinga um viðfangsefnið, ræða saman, teikna, og vinna skúlptúra að verkefninu. Skráningar	Deildar stjóri	10. ágúst 2022	1. maí 2023	Á deildarfundum, í umræðum við börnin og við foreldra. Skráningar.	Að börnin fái tækifæri til að dýpka vitneskju sína um það málefni sem þau velja að vinna með yfir skólaárið. Þau eflast í að leita upplýsinga og þekkingar, þau læra að vinna saman, hjálpast að, taka tillit hvert til annars og til skoðana hvers annars.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Stöðvavinna	Börn fædd 2019 fara í stöðvavinnu með börnum á sama aldri á Völusteini einu sinni í viku	Sjá stöðvavinnu á Völusteini. Skráningar					
Vísðómsstundir	Í Vísðómsstundum eru elstu börnin að undirbúa sig fyrir áframhaldandi skólagöngu þ.e. grunnskólann	Í Vísðómsstundum eflast börnin í félagsfærni, sjálfstæði, málþroska og vinna verkefni út frá sínum hugmyndum í leiklist og myndlist. Skráningar	Leikskóla- stjóri	10. ágúst 2022	1. maí 2023	Á deildarfundum, í umræðum við börnin og við foreldra. Skráningar	Að börnin séu vel undirbúin fyrir grunnskólann, félagslega fær, sjálfstæð, með góðan málþroska og þori að segja það sem í hugum þeirra býr. Þau læra að virða skoðanir hvers annars, hjálpast að, ræða saman, kjósa þegar þess er þörf, hlusta hvert á annað, og virða hvert annað.
Útikennsla	Börnin fari í útikennslu á haustmánuðum og vormánuðum. Yfir háveturinn er oft vont veður	Að börnin fari í útikennslu, rannsaki náttúruna, njóti hennar og alls sem hún hefur upp á að bjóða. Að börnin geti fengist við rannsóknir og vísindi úti í náttúrunni. Skráningar.	Deildar stjóri og starfs- maður sem sér um úti- kennslu	10. ágúst 2022	1. maí 2023	Á deildarfundum. Skráningar.	Að börnin læri að njóta náttúrunnar og alls þess sem hún hefur upp á að bjóða og þau læri að umgangast náttúruna af virðingu og skilja hringrás náttúrunnar.
Sumarstarfið	Að sumarstarf barnanna sé fjölbreytt, fræðandi og skemmtilegt.	Sjá fylgiskjal um sumarstarfið	Deildar stjóri og starfs- menn deildar. Skráningar.	10. ágúst 2022	1. maí 2023	Í samræðum við börnin og á deildarfundum með starfsfólki deildarinnar. Skráningar	Að börnin fái gott og fjölbreytt sumarstarf. Námsferðir, rannsóknarvinnu úti í náttúrunni, að börnin víkki sjóndeildar hringinn með ferðum og fjöri.
Mannauður							

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Að starfsfólk efli sig í starfinu með börnunum	Að starfsfólk efli sig í starfinu með börnunum, bæði þau í íslensku máli, noti virka hlustun í samskiptum við börnin og skoði kennsluhætti sína með gagnrýnum augum.	Deildarstjóri/leikskólastjóri haldi fundi (í annarri hverri viku) með starfsfólki deildarinnar ýmist með einum starfsmanni í einu eða öllum starfsmönnum deildarinnar til að kenna, leiðbeina, hrósa og styðja við starfsfólkið í kennslu. Hafa kenningar Beritar Bae til hliðsjónar um samskipti barna og fullorðinna. Skráningar	Deildar stjóri/ leik- skóla- stjóri Skráning gar	10. ágúst 2022	1. maí 2023	Á deildar- fundum. Skráningar.	Að starfsfólk efli sig í kennslu með börnunum og það hafi jákvæð áhrif á kennsluhætti starfsfólks og auki þar með gleði og starfsánægju þeirra. Að starfsfólk þekki stefnu leikskólans, kenningar Beritar Bae. Að starfsfólk geti sett sig í spor barnanna, hlusti á þau og vinni traust og virðingu þeirra.

4 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2021-2022

Skipulagning sérkennslu 2021-2022 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var menntun án aðgreiningar höfð í huga?. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl.?	Nemendur sem þurfa á sérkennslu að halda hafa yfirleitt fengið úthlutað stuðningstímum sem eru í samræmi við þá aðstoð sem þau þurfa. Þó er það þannig að það tekur stundum tíma að fá það samþykkt en nemendur fá samt sem áður, ef möguleiki er á, stuðning og sérkennslu um leið og tekið er eftir óeðlilegri hegðun eða þroska miðað við jafnaldra og matslista. Sérkennslustundir hvers og eins taka því oftast mið af því hvar barnið er statt í þroska og þeim atriðum sem barnið þarf að bæta sig í. Með því fær barnið sérkennslu við sitt hæfi. Þar af leiðandi fá sum börn meiri einkakennslu einungis með kennara á meðan önnur njóta stuðnings inni á deild og fá aðstoða við að samlagast barnahópnum og að taka þátt í því sem þar fer fram. Allt fer þetta eftir því hvar börnin eru stödd og hve mikinn og hvernig stuðning þau þurfa. Stuðningur barns inni á deild er mikilvægur þáttur í kennslu og er þá yfirleitt notast við náttúrulega kennslu sem felur í sér að fylgja eftir áhuga barnsins inni á deild. Hins vegar fer einstaklingsþjálfun fram inni í afmörkuðu rými með kennara, nemanda og viðeigandi kennslugögnum. Þegar nemendur í sérkennslu eru í hópastarfi er verið að vinna að ákveðnu markmiði með fáum nemendum. Gögn og skráning á framvindu nemenda eru geymd í möppum sem eru vel merktar hverjum nemanda. Í möppurnar er skráð hvað var gert í hverjum tíma fyrir sig, hvernig það gekk hvað hefur náðst og hvað þarf að þjálf áfram. Skráningar í hópastarfi er með svipuðum hætti þar sem framvinda hópsins er skráð, hvað var gert, hvernig það gekk og eru gögnin geymd í möppu merkt viðeigandi hóp. Fyrir þá nemendur sem eru í atferlisíhlutun er notast við skráningarblöð frá Greiningar og ráðgjafastöð ríkisins, þeim blöðum er svo safnað saman í möppu merкта nemandanum. Atferlisíhlutun byggir á aðferðum hagnýtrar atferlisgreiningar (applied behaviour analysis). Í upphafi eru sett skýr og mælanleg markmið. Grunnur í atferlisþjálfun eru afmarkaðar kennslueiningar sem mynda svo æfingalotu en hún samanstendur af 9 aðgreindum kennslueiningum. Eftir hverja kennslueiningu er stutt 1-2 mín. hlé sem er þá notuð til að skrá niður niðurstöðu og í lok hverrar æfingalotu eru niðurstöður teknar saman. Þá er hver þjálfunarstund skráð niður í stílabók og í hana skráð niður hvað var gert í hvert skipti sem barnið er í einstaklingsþjálfun, hverjar eru framfarirnar og hvað þarf að vinna með áfram.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.	Til að meta árangur nemanda eru lagðir matslistar AEPS, EFI2 og TRAS fyrir börn sem njóta sérkennslu. Þessar skimanir gefa vitneskju um hvar nemendur eru staddir og hvernig framfarir ganga. Niðurstöður úr matslistunum sýna hvaða þroskaþætti þarf að leggja meiri áherslu á, hvað gengur vel og hvar nemendur eru að bæta sig. Niðurstöður skimananna eru notaðar til að móta og skipuleggja sérkennslu hvers nemanda fyrir sig.
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Þau námsgögn sem mest eru notuð í kennslunni eru bæði aðkeypt og búin til í skólanum eftir þörfum hvers nemanda fyrir sig. Mikið er til af alls konar aðkeyptum spilum og bókum sem nýtast mjög vel í sérkennslunni til að bæta orðaforða og samskipti. Notuð eru mismunandi erfið púsl, bækur bæði myndabækur og bækur með texta, legokubbar til að kubba eftir fyrirmynd, leir, pinnar, perlur og skæri til að æfa fínhyrfingar og styrkja úlnliði. Blýant og liti til að æfa eftirhermun teikninga. Útbúnaðar voru myndir af flokkum t.d. mat, farartækjum, fólki, fötum, dýrum o.s.frv. til að geta rætt um og lært um nærumhverfið. Einnig myndir af nafnorðum, sagnorðum, tölustöfum, bókstöfum o.fl. Einnig var notast við ípad og í hann voru meðal annars sótt forritin Orðagull og Bitsboard pro til að hjálpa við kennslu.

Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Unnið með atferlisíhlutun í einstaklingsþjálfun og félagslega færni í barnahópnum	Finna leiðir sem henta hverju og einu barni í þjálfunar ferlinu.	Haldið áfram á sömu braut og unnið hefur verið undanfarið ár þar sem það hefur reynst mjög vel. Stuðningsaðili vinnur með atferlisíhlutun þegar það á við og fylgir barninu í barnahópnum og hjálpur því í daglegum athöfnum. Skráningar	Leikskólastjóri og stuðningsaðilar.	10. ágúst 2022	1. maí 2023	AEPS, EFI2 og HLJÓM2 lagt fyrir börnin og metnar framfarir þeirra. Skráningar. Umræður á Teymisfundum með foreldrum og sérfræðiteymi á ÞB sem eru á 6-7 vikna fresti. Skráningar.	Að börnin sýni framfarir í alhliða þroska í leikskólanum og unnið sé markvisst með börnum sem þurfa á einstaklingsþjálfun og stuðningi að halda.

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2022

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Það fjármagn sem Leikskólinn Vinaminni fékk úthlutað 2022 vegna fjöltyngdra barna verður notað að hluta fyrir laun starfsmanna sem efla mál þessara barna sem hafa ekki fengið úthlutað stuðningstímum og einnig verða keypt námsgögn fyrir málörvunina
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Daglega er unnið með orðaforða og málskilning allra barna í skólanum og þá sérstaklega með fjöltyngdum börnum. Lesið fyrir þau, haft orð á hlutum og athöfnum, hlustað á þau, sungið með þeim. Börn af erlendum uppruna sem eru með slakan orðaforða fá sagnalestur í litlum barnahópi og með léttari sögum við þeirra hæfi. Þau börn sem standa höllum fæti í málþroska eru tekin í einstaklingsþjálfun 2-3 sinnum í viku þar sem lagður er inn grunnorðaforði auk þess sem unnið er með þau í barnahópnum. Þeim er hjálpað að hafa samskipti við önnur börn og að taka þátt í leik með öðrum börnum.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Leikskólinn Vinaminni er málörvunarleikskóli. Það er lögð mjög mikil áhersla á að efla íslenskt mál. Það þarf að baða börnin í íslensku máli alla daga, lesa fyrir börnin, syngja með þeim, hlusta með athygli á þau, hvetja þau til að segja frá verkunum sínum t.d. myndum, spyrja börnin spurninga út frá sagnalestri. Hafa orð á hlutum og athöfnum og vekja athygli þeirra á náttúrunni og því sem fyrir augu ber í þeim efnum. Nota fjölbreytt orðaaval í samskiptum við börnin, spyrja þau hvort þau viti hvað þessi og hin orðin þýða, segja þeim það ef þau vita það ekki.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	EFI2 og AEPS listarnir eru notaðir til að fylgjast með orðaforða og málskilningi og alhliða þroska fjöltyngdra barna. Unnið er markvisst með þá þætti sem koma slakir út úr listanum hvort sem það er málþroski, hreyfiproski, vitsmunaproski eða annað. Listinn er uppfærður á 6 mánaða fresti. Lögð er málþroskaskimun EFI2 fyrir öll börn skólans þegar þau verða rúmlega þriggja ára gömul og HLJÓM2 fyrir börn á síðasta leikskólaárinu. Unnið með málþroska þeirra barna sem koma slök út úr skimuninum. Börnin fá einstaklingsþjálfun í íslensku máli og þjálfun í barnahópnum.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Það er hlutverk leikskólans að huga vel að öllum þáttum máls og þátttöku barnanna í leik og starfi í skólanum. Ef barn sýnir slaka getu í viðkomandi þáttum er gripið inn í og barnið fær sérstaka þjálfun í skólanum. Unnið er sérstakleg með málþroska barna. Söngur er hafður í hávegum sem og sagnalestur, unnið er með rím, hljóðkerfisvitund, hlustun „Lubbi finnur málbein“. Ritmál er sýnilegt á eldri deildum skólans. Í Vísdomsstundum er unnið með texta og ritað mál með elstu börnum skólans. Í umræðustund er skráð á flettistöflu það sem börnin segja, textinn lesinn/hljóðaður sameiginlega yfir og geymdur. Í næstu stund er textinn rifjaður upp og lesinn/hljóðaður sameiginlega yfir aftur. Með þessu eru börnin að geyma frásagnir sínar á rituðu máli, þau efla hljóðkerfisvitundina, eflast í að segja frá því sem þau hafa áhuga á og löngun til og þau styrkjast í félagslegum tengslum, frásagnargetu og íslensku máli. Þarna er kjörið tækifæri til að fylgjast með getu barnanna og grípa inn í ef með þarf. Rímispil, spil sem eflir hljóðkerfisvitund, samsett orð, samstöfur, hljóðgreining, margræð orð, orðhlutaeyðing og hljóðtenging eru mikið notuð.

Umbótaáætlun – fjöltyngi 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málþroski fjöltyngdra barna.	Að efla mál og málskilning fjöltyngdra barna svo þau geti átt eðlileg samskipti við aðra og þau njóti sín í leik og starfi í leikskólanum.	Unnið verður áfram með málþroska fjöltyngdra barna eins og síðastliðið ár. Samskiptabækur þar sem það þarf og skráningar.	Leikskólastjóri	10. ágúst 2022	1. maí 2023	Með skráningum og niðurstöðum úr skimunum. Þannig sést hvort þær aðferðir sem notaðar hafa verið við að efla mál og skilning fjöltyngdra barna hafa skilað árangri.	Að fjöltyngd börn læri íslenskt mál, geti tekið þátt í leik annarra barna og átt góð samskipti við aðra.
Félagsþroski fjöltyngdra barna.	Að fjöltyngd börn njóti sín í barnahópnum og geti tekið þátt í leik annarra barna.	Starfsmenn deilda hjálpi fjöltyngdum börnum sem eiga erfitt uppdráttar í barnahópnum að komast inn í leik annarra barna. Samskiptabækur þegar þess er þörf. Skráningar	Deildarstjóri og leikskólastjóri	10. ágúst 2022	1. maí 2023	Umræður á deildarfundum og skráningar á atferli barna í barnahópnum.	Að fjöltyngd börn verði örugg í barnahópnum og geti tekið þátt í leik annarra barna með gleði og vellíðan þeirra að leiðarljósi.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl fóru vel af stað síðastliðið skólaár. Í starfsþróunarsamtölum koma starfsmenn með sínar hugleiðingar um starf sitt, starfsaðstæður, hvernig það vill efla sig í starfi, hverjir eru styrkleikar, veikleikar og hvernig viðkomandi starfsmaður vill setja sér markmið til að bæta sig í starfi. Samtalið er skráð og markmiðum viðkomandi er fylgt eftir í næsta samtali. Sumir starfsmenn gerðu sér skammtímamarkmið og fengu þeir því samtál tvisvar yfir skólaárið. Haldið verður áfram næsta skólaár með starfsþróunarsamtöl.

Fræðsla

Á tímum Covid 19 var erfiðara en ella að gefa starfsfólki tækifæri til að sækja námskeið. Samt sem áður fengu starfsmenn námskeið í gegnum netið t.d. vinnustofu um málörvun svo að starfsfólk leikskóla átti sig á mikilvægi málörvunar í daglegu starfi og öðlist trú á sjálft sig í samskiptum við börnin. Hóparnir hittust tvisvar sinnum. Þátttakendur æfðu sig í 1-2 grunnatriðum á milli skipta. Í seinna skiptið ræddu þátttakendur reynslu sína í hópum og deildu hvert með öðru.

Ákveðið var að bjóða starfsfólki sem hafði stysta reynslu af að vinna á leikskóla tækifæri til að sækja þessar vinnustofur frá Vinaminni.

Á skipulagsdegi 9. mars 2022 hélt Ásthildur Snorradóttir talmeinafræðingur námskeið um málörvun barna.

Pernille Tönder leikskólakennari var með fyrirlestur um útikennslu, hvernig hægt er að nýta náttúruna til kennslu, rannsókna og upplifana barnanna. Pernille var með myndbönd og myndir sem vöktu áhuga, ánægju og upplifanir barns í náttúrunni.

Sólveig Einaradóttir leikskólastjóri fór yfir kenningar Beritar Bae um samskipti barna og fullorðinna.

Á deildarfundum sem haldnir voru fyrir skipulagsdaginn fengu starfsmenn lesverkefni í hendurnar um kenningar Beritar Bae, til að vinna með fyrir skipulagsdaginn.

Á skipulagsdeginum var unnið áfram með hugmyndir Beritar Bae í leikskólastarfinu. Starfsmenn unnu í hópum og ræddu um: nálægð, viðurkenningu, skilgreiningarvald, ígrundun, tengsl, samspil og að efla samkennd. (sjá skólanámskrá Vinaminnis um kenningar Beritar Bae.)

Sólveig Einaradóttir leikskólastjóri var einnig með innlegg um „Álag í starfi“. Hvernig er unnið undir álagi - með gleði, jákvæðni og lausnamiðuðu starfsfólki.

Deildarstjórar og leikskólastjóri fóru á morgunverðarfund hjá **Rann Ung**.

Markmið vegna fræðslu starfsmanna:

- Að allir starfsmenn fái námskeið og fræðslu tvisvar á ári, einu sinni á haustönn og einu sinni á vorönn.
- Að innihald námskeiðanna henti starfsemi skólans og starfsmenn geti nýtt sér það í starfinu með börnunum.

Fræðsla starfsmanna síðastliðið skólaár gekk vel og nýttist starfsmönnum í starfinu með börnunum.

Haldið verður áfram næsta skólaár að kafa ofan í kenningar Beritar Bae.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Það var notalegt að geta hafið samstarf við grunnskólana aftur eftir tvö ströng ár með Covid 19 á hælunum. Elstu börnin sem hefja nám í grunnskólum haust 2022 fóru í skólaheimsóknir eins og hver grunnskóli skipulagði þær. Fyrsta heimsókn barnanna var kynning á skólanum og síðan fóru börnin nokkrum sinnum í heimsókn í sex ára bekk og voru þá um hálfan dag í einu í heimsókninni. Ýmist fóru kennarar leikskólans með börnunum í skólaheimsóknirnar eða foreldrar, eftir því hverju grunnskólinn óskaði eftir.

Þetta voru skemmtilegar heimsóknir og börnin ánægð. Þau fara því örugg og spennt út í hinn stóra heim grunnskólans að hausti. Leikskólinn Vinaminni tók þátt í verkefninu *Læm-læsi allra mál* undanfarin ár með góðum árangri.

8 Foreldrasamvinna

Mikið urðu foreldrar og starfsfólk leikskólans ánægð þegar foreldrar gátu komið inn í skólann þegar þau komu með börnin sín í skólann eða þegar þau sóttu þau í lok skóladags. Þó manneskjan búi yfir mikilli og skjótri aðlögunarhæfni þá var þessi tími sem foreldrar gátu ekki komið inn í skólann vegna sóttvarnarráðstafana stjórnvalda vegna covid 19 allt of langur. Það er svo dýrmætt að foreldrar geti átt samskipti við deildarstjóra

barns síns daglega, komið skilaboðum til þeirra um barnið t.d. hvernig það svaf, var það búið að borða morgunverð, er barnið í góðu formi eða er það eitthvað lumpið. Það er líka öryggi fyrir foreldra að geta fylgt barninu sínu inn á sína deild til starfsmannanna sem barnið þekkir best. Þá fara foreldrar ánægðir og sáttir til vinnu sinnar vitandi að barnið er öruggt.

Foreldrafundir voru haldnir í september þar sem vetrarstarf barnanna var kynnt. Foreldrar barna af einni deild í einu voru boðaðir á fund milli kl: 16:00-17:00 og var boðið upp á gæslu fyrir börnin í skólanum á meðan fundurinn stóð yfir. Það er gaman að segja frá því að 80 til 90% foreldra mættu á fundina. Leikskólastjóri kynnti starfsáætlun fyrir skólaárið og deildarstjóri fór dýpra í dagskipulagið og þær stundir sem börnin taka þátt í. Foreldrar lýstu ánægju sinni yfir hvað börnin þeirra fengu áhugavert starf og þeir töluðu um að þeir hlökkuðu til að fylgjast með barninu sínu taka þátt í starfi skólans.

Leikskólastjóri boðar alla nýja foreldra í viðtal áður en barnið byrjar í leikskólanum, eina foreldra í einu. Farið er yfir markmið og áherslur í starfinu með börnunum. Foreldrar fylla út dvalarsamning og foreldrar og leikskólastjóri kynnast aðeins. Leikskólastjóri sýnir foreldrum leikskólann, kynnir þá fyrir deildarstjóra og starfsmönnum deildarinnar og foreldrar fá upplýsingar um hvenær barnið byrjar í skólanum, hvernig aðlögunin fer fram og annað sem foreldrar vilja vita. Barnið byrjar svo í leikskólanum og er gefinn sá tími í aðlögun sem hvert og eitt barn þarf til að ná tökum á lífinu í leikskólanum sínum.

Deildarstjórar boða foreldra barna sem færast á þeirra deild eða foreldra barna sem byrja ný á deilinni í viðtal að hausti þegar barnið hefur náð að aðlagast vel. Þar fá þessir aðilar tækifæri til að ræða um barnið, foreldrar gefa deildarstjóra upplýsingar og öfugt.

Þessi viðtöl eru nauðsynleg til að foreldrar og deildarstjóri kynnist, þau geti miðlað uppeldisaðferðum sínum og áherslum í uppeldi barna sem er mjög mikilvægt.

Foreldrar geta fengið viðtal við deildarstjóra barnsins síns eða leikskólastjóra þegar þau vilja yfir skólaárið og foreldrar barna með sérþarfir fá reglulega viðtöl yfir skólaárið með fagaðilum eins og áður segir.

Foreldraviðtöl eru einnig fyrir alla foreldra skólans á vorönninni í febrúar-mars. Þá er farið vel yfir hvernig barnið stendur í hinum alhliða þroska í skólanum. Deildarstjórar sýna foreldrum niðurstöður skimana og annarra skráninga. Foreldraviðtöl voru ýmist haldin í leikskólanum eða á kaffihúsinu í Drafnarfelli en það mæltist vell fyrir.

Foreldraráð

Foreldraráðsfundir eru haldnir reglulega yfir árið. Foreldraráð kynnir starf félagsins á foreldrafundum að hausti og þá eru fulltrúar kosnir úr hópi foreldra til að sitja í foreldraráðinu. Fulltrúar sem setið hafa í stjórn félagsins eru jafnvel sumir hverjir að hætta með börn sín í skólanum eða vilja draga sig út úr stjórninni. Fundir foreldraráðs eru haldnir reglulega yfir árið. Á fyrsta fundi foreldraráðsins, sem er haldinn í október, eru nýir stjórnarmeðlimir boðnir velkomnir og farið er yfir störf félagsins síðastliðið ár. Rætt er um þátttöku foreldrafélagsins í jólaundirbúningi t.d. að fá jólaleiksýningu í skólann fyrir börnin og sjá um veitingar á jólaballinu o.fl. Foreldraráð skiptir með sér verkum við undirbúninginn og ákveðið er hvenær á að hittast aftur til að útbúa veitingar á jólaballinu. Á vorönninni er aftur fundur foreldraráðsins þar sem foreldrar taka ákvörðun um vorferð barna og foreldra í sveitina, leiksýningu fyrir börnin á vordögum, sumarhátíðina og annað sem hugmyndir koma upp um og er ákveðið af foreldraráði. Foreldraráð heldur úti lokaðri facebooksíðu fyrir foreldra skólans, þar koma upplýsingar um störf félagsins og fundargerðir eru settar þar inn. Einnig er stjórn foreldrafélagsins með lokaða facebooksíðu þar sem mikil samskipti fara fram milli þeirra og kemur í staðinn fyrir annars marga fundi stjórnarmanna.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar.

Skipulagsdagar þar sem leikskólanum er lokað eru tveir á ári, annar skipulagsdagurinn er í beinu framhaldi af sumarfríi barna og starfsmanna og hinn skipulagsdagurinn er á vorönn. Aðrir skipulagsdagar eru haldnir utan hefðbundins vinnutíma. Á skipulagsdegi að hausti er farið yfir starfsáætlun skólaársins og starfsmenn ræða um þá þætti í starfinu sem leggja á áherslu á til umbóta yfir skólaárið. Farið er yfir markmið skólans og þau rædd. Fenginn er fyrirlesari með fræðslu fyrir starfsfólkið. Starfsmenn hrista sig saman eftir gott sumarfrí og gera deildir tilbúna fyrir komu barnanna í skólann. Aðlögun nýrra barna er að fara af stað og það þarf að undirbúa komu þeirra af kostgæfni.

Á öðrum skipulagsdögum sem eru haldnir á kvöldin utan hefðbundins vinnutíma eru fengnir fyrirlesarar, haldin námskeið, deildarfundir og fagfundir. Starfsmannafundir eru einnig á þessum tíma.

Leikskóladagatali er tekið með fyrirvara um að breytingar geta átt sér stað á dagsetningum.

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NOVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ	
1 M	Friðagur verslunarmanna	1 F	Foreldraf. Völusteinn	1 L		1 Þ		1 F	Fúlveldisdagurinn, rauður d.	1 S	Nýársdagur	1 M		1 M		1 L		1 M	Verkaýðisdagurinn	1 F	
2 Þ		2 F		2 S		2 M		2 F		2 M		2 F		2 F		2 S	Pálmasunnudagur	2 Þ	Sumarstarf skipulagt	2 F	
3 M		3 L		3 M		3 F		3 L		3 Þ		3 F	Deildarstjórnfundur	3 F	Deildarstjórnfundur	3 M		3 M	Endurnat á Töfrasteini	3 L	
4 F		4 S		4 Þ		4 F	Starfsmannasamtöl	4 S		4 M		4 L		4 L		4 Þ		4 F		4 S	Sjómannadagurinn
5 F		5 M	Sibóav. Völust. byrjar	5 M		5 L		5 M		5 F	Deildarstjórnfundur	5 S		5 S		5 M		5 F	Vísdomsbörn gista í leiksk.	5 M	
6 L		6 Þ		6 F		6 S		6 Þ		6 F	Þrettándinn	6 M	Dagur leikskólans	6 M		6 F	Skírdagur	6 L	Útskrift Vísdomsst.barna	6 Þ	
7 S		7 M		7 F	Starfsmannasamtöl	7 M	Bíur dagur	7 M		7 L		7 Þ	Dagur tónlistarskólans	7 Þ		7 F	Föstudagurinn langi	7 S		7 M	
8 M		8 F	Dagur læsis	8 L		8 Þ	Baráttudagur gegn einelti	8 F		8 S		8 M		8 M		8 L		8 M		8 F	
9 Þ	Skipulagsdagur	9 F	Vísdomsstundarsetning	9 S		9 M		9 F		9 M		9 F		9 F		9 S	Páskadagur	9 Þ	Endurnat á Völusteini	9 F	
10 M	Börn mæta í skólann	10 L		10 M		10 F		10 L		10 Þ		10 F		10 F		10 M	Annar í páskum	10 M	sameiginlegur starfsd. Sfs	10 L	
11 F	Deildarstjórnfundur	11 S		11 Þ		11 F	Starfsmannasamtöl	11 S		11 M		11 L	Dagur íslenska táknmálsins	11 L		11 Þ		11 F		11 S	
12 F		12 M		12 M		12 L		12 M	Jólahúfundagur	12 F		12 S		12 S		12 M		12 F		12 M	
13 L		13 Þ		13 F		13 S		13 Þ		13 F		13 M		13 M		13 F		13 L		13 Þ	
14 S		14 M		14 F	Starfsmannasamtöl	14 M		14 M	Jólaball Vínaminnis	14 L		14 Þ		14 Þ	Dagur stærðfræðinnar	14 F	Deildarstjórnfundur	14 S		14 M	
15 M	Aðlögun barna hefst	15 F		15 L		15 Þ		15 F		15 S		15 M		15 M		15 L		15 M		15 F	
16 Þ		16 F	Dagur íslenskrar náttúru	16 S		16 M	Dagur íslenskrar tungu	16 F		16 M		16 F		16 F		16 S		16 Þ		16 F	
17 M		17 L	grænn dagur úristöðvar	17 M		17 F		17 L		17 Þ		17 F	Sparifatadagur	17 F		17 M		17 M	Opð hæ. í Vínaminni	17 L	Lýðveldisdagurinn
18 F		18 S		18 Þ		18 F	Starfsmannasamtöl	18 S		18 M		18 L		18 L		18 Þ		18 F	Uppstigningardagur	18 S	
19 F		19 M		19 M		19 L		19 M	Þorablót	19 F	Þorablót	19 S	Konudagur	19 S		19 M		19 F	Deildarstjórnfundur	19 M	
20 L		20 Þ		20 F		20 S	Dagur mannréttinda barna	20 Þ		20 F	Bóndadagur	20 M	Bolludagur	20 M	Foreldravötöl byrja	20 F	Sumardagurinn fyrsti	20 L		20 Þ	
21 S		21 M		21 F	Starfsmannasamtöl	21 M		21 M		21 L		21 Þ	Sprennidagur	21 Þ		21 F		21 S		21 M	
22 M		22 F		22 L	Fyrsti vetrardagur	22 Þ		22 F		22 S		22 M	Öskudagur	22 M		22 L		22 M		22 F	
23 Þ		23 F		23 S		23 M		23 F	Þorláksmessa	23 M		23 F		23 F		23 S		23 Þ		23 F	
24 M		24 L		24 M		24 F		24 L	Aftangadagur jóla	24 Þ		24 F		24 F		24 M		24 M		24 L	
25 F		25 S		25 Þ		25 S	Deildarstjórnfundur	25 S	Jóladagur	25 M		25 L		25 L		25 Þ	Umhverfisd. Tynu rust. gróður	25 F		25 S	
26 F		26 M	Evrópski tungumáladagurinn	26 M		26 L	Jólahlaðborð starfsmanna	26 M	Annar í jólum	26 F		26 S		26 S		26 M		26 F		26 M	
27 L		27 Þ		27 F		27 S		27 Þ		27 F		27 M		27 M		27 F		27 L		27 Þ	Sumarhátíð Vínaminnis.
28 S		28 M		28 F	Deildarstjórnfundur	28 M		28 M		28 L		28 Þ		28 Þ		28 F		28 S	Hvítasunnudagur	28 M	
29 M		29 F		29 L		29 Þ		29 F		29 S				29 M		29 L		29 M	Annar í Hvítasunnunni	29 F	
30 Þ	Foreldrafundur Töfrast.	30 F		30 S		30 M		30 F		30 M				30 F		30 S		30 Þ		30 F	
31 M				31 M				31 L	Gamlársdagur	31 Þ				31 F	Gulur dagur, eggjaleit			31 M	Endurnat á Álfasteini		

10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 3 – Umsögn foreldraráðs

Verður skilað fyrir 20. ágúst 2022.

10.2 Fylgiskjal

Frá deildarstjórum

Álfasteinn

Á haustönninni var aðlögunin fram eftir hausti eins og öll önnur ár því börnin sem höfðu stundað nám á Álfasteini árið áður færðust öll yfir á Dvergastein. Þegar allt var komið í ró á deildinni þ.e. öll börnin voru komin inn og aðlöguð fór af stað skemmtilegt starf með börnunum.

Kl: 9:00 þegar morgunverðurinn var búinn var samverustund með lestri bóka og þá var einnig sungið. Eftir það var ýmist útivera hjá börnunum eða stöðvavinna. Í stöðvavinnu var börnunum skipt í hópa þannig að 4 börn voru í hverjum hópi með einum starfsmanni. Tveir hópar voru í innri stofu og tveir í fremri stofu. Hóparnir voru í smá stund á hverri stöð en tímavaki var notaður til að auðvelda starfið. Hver starfsmaður fór með sinn barnahóp á næstu stöð þegar tímavakinn hringdi. Þannig gekk þetta þar til allir barnahóparnir voru búnir að fara á allar stöðvarnar.

Á stöðvunum voru mismunandi viðfangsefni en þar má nefna einbeitingarviðfangsefni við borð þar sem púsl, leir, litir, pinnar og annað þvíumlíkt var í boði að leika með, hreyfifærni efld á annarri stöð þar sem var ormur til að skríða í gegnum, jafnvægishringur til að labba eftir, boltar og dýnur til að fara í kollhnís og hoppa á. Á öðrum stöðvum var t.d. kubbaleikur, bílaleikur, dúkkuleikur með eldhúsdóti, kerrum, dýr o.s.frv.

Ávaxtastund var um miðjan morgunn en þá fengu börnin ferska ávexti og vatnsopa úr vatnsbrúsanum sínum.

Hádegisverður var síðan kl 11:15 því úthald litlu barnanna var ekki lengra og allir orðnir preyttir um kl. 11:00.

Börnin sváfu eftir hádegisverðinn en þegar þau vöknudú fóru þau í rólegan leik í fremri stofu.

Eftir síðdegishressingu völdu börnin sér viðfangsefni þar til þau fóru heim í lok dags.

Deildarstjórnir á Álfasteini og Völusteini skiptu um starfsvettvang um áramótin 2021-2022 þannig að deildarstjórinn sem var á Álfasteini fór á Völustein og deildarstjórinn sem var á Völusteini fór yfir á Álfastein. Var þessi breyting framkvæmd þar sem dóttir deildarstjórans sem var á Völusteini var að færast yfir á Völustein og ekki var æskilegt að hafa mæðgurnar saman á deild.

Starfið á Álfasteini gekk vel vorið 2022. Gerðar voru nokkrar breytingar á skipulaginu. Einnig komu nýir starfsmenn á deildina þar sem einn starfsmaður skipti um starfsvettvang og annar fór í fæðingarorlof. Fjögur ný börn komu á deildina á vorönninni og fjögur elstu börnin sem fyrir voru fóru á Dvergastein.

Í janúar var börnunum skipt í smærri hópa eftir fjölda barnanna á deildinni. Mikilvægt að skipta þeim að minnsta í tvo hópa, einn hópur í hvorri stofu og tveir starfsmenn. Oft var reynt að skipta börnunum í smærri hópa þegar öll börnin voru mætt.

Þættir sem voru alltaf í starfinu voru smíðja, hreyfipraut, útivera og stöðvavinna.

Til að byrja með var stöðvavinnan eftir hvíldina þegar börnin komu róleg inn í fremri stofuna eftir svefninn. Þau settust við borð eða léku á gólfi. Enginn fastur tími var settur á stöðvarnar heldur var tekið mið af úthaldi þeirra og var skipt um viðfangsefni þegar þess þurfti, ef þeim fór að leiðast fengu þau að skipta eða fengu önnur viðfangsefni á borðin. Þetta gekk ágætlega.

Eftir samtal við leikskólastjóra var stöðvavinnan færð á morgnana og framkvæmd eins og segir hér að ofan. Það gekk vel og öll börnin fengu að taka þátt í stöðvavinnunni. Því miður féll stöðvavinnan oft niður og var það ýmist út af manneklu eða því að veðrið togaði börn og starfsmenn út að leika. Stöðvavinnan er skemmtileg og verður í starfinu á Álfasteini næsta skólaár.

Börnin fengu tækifæri til að fara í smíðjuna og vinna í myndlist einu sinni til tvisvar í viku. Þar gafst börnunum tækifæri til að munda pensilinn og nota ýmsar gerðir af litum.

Lagt var upp með að börnin færu út tvisvar í viku en það tókst ekki nógu vel að börnin fengju að njóta útiverunnar á Álfasteini. Viðhorf starfsfólksins á deildinni var ekki jákvætt gagnvart útiverunni með börnunum og hafði það áhrif.

Sögustundir og söngstundir voru á hverjum degi, börnunum var skipt í tvo hópa og tveir starfsmenn voru með hvorn barnahóp. Í þessum stundum var einnig unnið með heiti líkamshlutanna, sögur og söngvar, starfsmenn spurðu börnin t.d. hvar eru augun og börnin bentu á augun o.s.frv. Í samverustundum var einnig tekið fyrir TMT en þá var unnið með eitt tákni og orð í viku, myndirnar af táknum voru settar á vegg á deildinni svo börnin gætu skoðað þær að vild. Þetta nýttist vel sérstaklega hjá þeim börnum sem voru ekki farin að nota orð til að tjá sig.

Unnið er með ferilmöppur barnanna á deildinni. Þar eru settar inn t.d. fyrsta teiknaða mynd barnsins í skólanum, ljósmynd af barninu á afmælisdaginn, stimpilmynd af hendi og fæti og annað sem starfsfólki finnst skemmtilegt

að barnið eigi í ferilmöppunni. Ferilmappan fylgir svo barninu á milli deilda og þar er haldið er áfram að setja í hana verkefni eftir barnið og myndir.

Deildarfundir hefðu þurft að vera oftár á Álfasteini síðastliðna önn til að fá umræðu starfsmanna á deildinni um útiveruna og mikilvægi hennar fyrir börnin auk þess að fá hugmyndir frá starfsmönnum um starfið og framkvæmd þess á deildinni sem mundi efla þá í starfinu og svo þeir væru betur meðvitaðir um þroskamöguleika barnanna.

Hlakka til að takast á við næsta skólaár með börnum og starfsmönnum á Álfasteini.
Sara Hlín deildarstjóri.

Frá deildarstjóra Dvergasteins

Þegar nýtt skólaár hófst haust 2021 voru tvö börn eftir á Dvergasteini, 11 börn komu frá Álfasteini og sjö börn komu ný inn. Aðlögunin tók sinn tíma, sérstaklega aðlögun þeirra barna sem komu ný inn í skólann.

Þetta skólaár var barnahópurinn í yngri lagi og miðaðist starfið við það.

Útiveran var nýtt vel framan af hausti en þegar veður fór að kólna og miklar sveiflur í veðrinu í janúar og febrúar var minna um útiveru hjá börnunum.

Stöðvavinna var sett af stað á deildinni og nýttist hún vel í starfinu þegar börnin fóru að vera meira inni. Einnig fóru elstu börnin á deildinni jafnvel út að leika en yngri börnin voru þá í stöðvavinnu á tveimur stöðvum.

Í stöðvavinnu voru settar upp 3-4 stöðvar eftir fjölda barna. Reynt var að hafa bæði borðvinnu og leik á gólfi í stöðvavinnu. Börnunum var skipt í hóp og einn starfsmaður sá um hvern barnahóp. Börnin voru um 7 til 10 mínútur á hverri stöð og síðan skiptu börnin um stöð með aðstoð starfsmannsins. Svona hélt stöðvarvinnan áfram þar til allir barnahóparnir voru búnir að fara á allar stöðvarnar.

Farið var af stað með útikennslu á Dvergasteini, börnunum var skipt í þrjá hóp og fóru tveir elstu hóparnir í útikennslu. Útikennslan var í nokkur skipti á haustdögum en var svo tekin upp aftur í nokkur skipti á vörðögum.

Á Dvergasteini felst útikennsla aðallega í því að börnin læri að vera í hóp, vera í röð og fara eftir fyrimælum. Síðan þarf að stoppa oft og starfsmenn hafa orð á umhverfinu við börnin og sýna þeim það sem er eftirtektarvert, fuglarnir, trén, blómin, laufin þegar þau detta af trjánnum, rigningin, snjókornin, rokið, sólin o.s.frv. Einnig þarf að hlusta á börnin og heyra og sjá þegar þau eru að tjá sig um umhverfið hvort sem það er í orðum eða annars konar tjáningu.

Einnig var lagt af stað með hópastarf með elstu börnunum á Dvergasteini. Ákveðið var að taka fyrir líkamann, það hefði þurft að einfalda innlögnina því börnin höfðu ekki einbeitingu í hópastarfið. Ákveðið var að næsta vetur verði reynt á ný en einfalda innlögnina og gera hana skemmtilega og áhugaverða t.d. syngja, leika handa-hreyfingar, lesa bækur, skoða myndir, benda á líkamshlutana og nefna þá um leið.

Ákveðið var að setja af stað val á Dvergasteini um áramótin. Börnin höfðu þroskast mikið og þurftu meira krefjandi verkefni að kljást við. Settar voru upp myndir af leiksvæðunum og börnin fengu nafnspjaldið sitt sem þau settu á þá mynd af leikfni sem þau vildu leika með. Börnunum fannst mjög skemmtilegt að fá að setja nöfnin sín á myndirnar af svæðunum en áttu erfitt með að skilja að þau áttu að leika á því svæði. Þá skapaðist oft óöryggi og togstreitan hjá þeim sem þurfti að leysa úr. En þegar börnin voru búnir að velja í nokkur skipti lærðu þau ferlið.

Smiðjan átti fastan sess í stundaskránni ákveðna morgna í viku. Þá var nokkrum börnum í einu boðið í Smiðjuna meðan hin léku í frjálsum leik inni á deild eða fóru út að leika. Þetta kom mjög vel út og verður klárlega gert aftur á Dvergasteini næsta skólaár.

Börnin á Dvergasteini tóku þátt í flæði með öllum leikskólanum á föstudögum f.h. framan af vetri. Flæði yfir allan leikskólann gekk ekki nógu vel svo því var breytt og skipt í tvennt, litla flæði og stóra flæði. Þá var flæði milli Dvergasteins og Álfasteins og svo var flæði milli Völusteins og Töfrasteins. Flæði er mjög gott til að t.d. börnin á Álfasteini kynnist deildinni sem þau koma til með að færa á næsta skólaár þ.e. Dvergasteini, viðfangsefnum og starfsfólki. Þannig verður aðlögunin milli deilda einfaldari fyrir börnin þegar að því kemur.

Málörvun er stór þáttur í starfi Dvergasteins. Börnin eru að sjálfsögðu í málörvun allan daginn en á Dvergasteini er lagt mikið upp úr því að lesa, syngja og spjalla við börnin.

Dagurinn hófst á alstund eftir morgunverðinn, þar sem farið var yfir dagskrá dagsins, settar upp myndir og sungið. Það var alltaf sama upphafs- og loklag svo börnin áttuðu sig á því hvenær stundin byrjaði og endaði. Síðan tók dagskrá morgunsins við með leik og gleði.

Um 10.30 var ávaxtastund þá fengu börnin ferska ávexti og vatn. Eftir það var barnahópnum skipt í tvennt í söngstund, yngri börn saman og eldri börn saman. Eftir söngstundina var eldri börnunum boðið í fínhyrfivinnu í fremri stofu meðan yngri börnin voru í frjálsum leik í innri stofu. Þá var byrjað að skipta á bleyjum á yngri börnunum í innri stofu, þegar það var búið skiptu barnahóparnir um svæði og eldri börnunum var boðið á snyrtinguna fyrir hádegisverðinn og yngri börnin í leik í fremri stofu. Í framhaldi var svo söngstund, hádegismatur og hvíld.

Þegar börnin vöknðu fengu þau sem vöknðu snemma tækifæri til að fara út að leika ef þau vildu en börnin sem sváfu lengur voru í rólegum leik inni á deild, púsla, skoða bækur, leira eða eitthvað þess háttar. Svo fengu öll börnin aftur bleyju og síðdegishressingu. Eftir það var stundum farið út eða leikið inni þar til börnin voru sótt. Starfsmannabreytingar áttu sér stað á deildinni þegar tveir starfsmenn fóru á aðra deild en þá kom einn nýr starfsmaður og annar sem var í starfi í skólanum.

Á vörðögum færðust nokkur börn af Álfasteini á Dvergastein og nokkur af Dvergasteini yfir á Völusteini og Völusteini á Töfrastein. Þetta flýtir óneitanlega fyrir aðlögun í haust þegar börn færa milli deilda. Tveir

starfsmenn eru að kveðja Dvergastein í Vinaminni annar fer í nám en hinn í fæðingarorlof. Börn og starfsfólk fer sáttað og með gleði í sinni inn í sumarið.

Berglind Ósk
deildarstjóri

Frá deildarstjóra Völusteins

Á haustönninni gekk starfið vel. Elstu börnin fóru í hópastarf einu sinni í viku þar sem unnið var með samskipti og málörvun. Börnunum fannst alltaf gaman að fara í hópastarf. Í hópastarfinu voru börnin að læra að vera í hópi annarra barna, þau völdu hópalagið sitt sem þau sungu í upphafi hverrar stundar. Lesnar voru sögur, rætt um þær og börnin teiknuðu upplifanir sínar úr sögunum.

Útíveran var vel nýtt á haustdögum og nutu börnin sín vel í leik úti. Útikennsla fór af stað á haustdögum en um leið og veður fór að láta til sín taka með snjóbyljum og roki var útikennslan hvíld en börnin fengu þá hreyfistundir inni á deildinni.

Öll börn á deildinni fóru í Lubbastund einu sinni í viku þar sem lesin var Lubbasaga, sungið og æft hljóð stafsins sem tekinn var fyrir hverju sinni. Mynd af viðkomandi staf og sagan voru síðan hengd upp á vegg svo börnin gætu skoðað hana að vild.

Smiðjan var vel nýtt.

Flæði – Val

Deildarstjórnir á Álfasteini og Völusteini skiptu um starfsvettvang um áramótin 2021-2022 þannig að deildarstjórinn sem var á Álfasteini fór á Völustein og deildarstjórinn sem var á Völusteini fór yfir á Álfastein. Var þessi breyting framkvæmd þar sem dóttir deildarstjórans sem var á Völusteini var að færast yfir á Völustein og ekki var æskilegt að hafa mæðgurnar saman á deild.

Starfið á Álfasteini gekk vel vorið 2022.

Eftir áramótin lagði deildarstjórinn upp með að ræða við starfsmenn deildarinnar og kynna fyrir þeim þá þroskamöguleika sem börnin hafa tækifæri til að efla með starfinu og sem er mikilvægt að allir starfsmenn séu meðvitaðir um. Þetta gerði það að verkum að starfsfólk var öruggara í starfinu með börnunum þegar þeir vissu hvaða þroska var verið að gefa börnunum tækifæri til að efla.

Börnin unnu í stöðvavinnu á vorönninni. Börnunum var skipt í sex barnhópa og var einn starfsmaður til staðar á hverri stöð. Fóru svo börn og starfsmenn milli stöðva þar til öllum stöðvum var náð. Mismunandi viðfangsefni voru á hverri stöð fyrir sig, lagt var upp með að börnin fengju tækifæri til að efla sig í: samhæfingu hugar og handa með einbeitarviðfangsefnum, talnaskilningi það er að börnin átti sig á að telja hluti og að t.d. talan 2 er fyrir tvo hluti o.s.frv. Þá var lögð áhersla á að tengja litarheiti við rétta liti, hljóðun stafanna, að stafirnir hafa hljóð sem er hægt að tengja saman seinna meir í orð, frásagnir, að börnin geti sagt frá einföldum atvikum á myndum og þar með aukið orðaforða og hugtakaskilning sinn.

Þessi markmið og þættir náðust hjá flest öllum börnunum og voru starfsmenn deildarinnar almennt mjög ánægðir með stundirnar enda fengu starfsmenn aukna ábyrgð og starfsgleði jókst.

Þegar stöðvavinnan fór af stað með börnunum voru börnin í 5-6 mínútur á hverri stöð. Þegar komið var fram í lok febrúar byrjun mars var tíminn kominn í 10 mínútur á hverri stöð sem var haldið út skólaárið.

Starfsfólk deildarinnar var fljótt að ná tökum á stöðvavinnunni og fékk mannauðurinn að njóta sín, hver og einn starfsmaður fékk viðfangsefni við það sem hann var hæfastur í að gera. Starfsmenn sáu miklar framfarir hjá börnunum í að ríma, telja, þekkja litina og í málhljóðum Lubba.

Samverustundir voru á hverjum degi þar sem lesnar voru sögur fyrir börnin. Börnunum var skipt í 4 hópa eftir aldri og því hvernig málaskilningur þeirra var. Börn sem áttu mjög erfitt með að hlusta og einbeita sér að sögulestri voru aðeins 4 í hóp og fengu léttari sögu og lesið var í styttri tíma. Þannig náðist að veita börnunum meiri athygli hverju og einu, finna út hvað hverju og einu barni hentaði við sagnalestur og börnin nutu sín betur í samverustundunum.

Söngstundir voru tvisvar á dag og gengu vel.

Útíveran var vel nýtt og fóru börnin út þegar veður leyfði, útikennslan hefði mátt fá meira rými í starfinu, skoðum það næsta skólaár.

Hlakka til næsta skólaárs
María Ösp deildarstjóri

Frá deildarstjóra Töfrasteins - Deildarskipulag

Deildarskipulagið í heild var nokkuð gott. Erfiðast var að koma valinu inn. Reyndum fyrst í haust að vera með útival, en það gekk erfiðlega að muna að setja upp valið og koma með það út. Útivalið gekk samt vel þegar það var sett upp.

Það er svo margt sem okkur langar til að koma inn í skipulagið með börnunum en þar sem börnin á deildinni eru orðin það stór og hafa lengra úthald í leik þurfa þau lengri leiktíma en ella. Allt tekur þar af leiðandi töluvert lengri tíma og þá verður ekki rými í dagskipulaginu fyrir allt sem okkur langar að gera.

Elstu börnin voru tvisvar í viku í vísdomsstundum og yngri börnin einu sinni í viku í hópastarfi. Þar að auki voru yngri börnin í útikennslu einu sinni í viku. Reynt var að koma hreyfistundum inn vikulega og einnig málörvunarstöðvum en það gekk ekki alltaf upp vegna mannekleu.

Á föstudögum var flæði um allan leikskólann. Það var mat starfsmanna á Töfrasteini að það hentaði betur elstu börnunum að fá frjálssar hendur í leik í Borðstofunni og í Búinu heldur en að vera í flæðinu. Í Borðstofunni og Búinu fengu börnin frjálssar hendur með allt leikfni og efnivið deildarinnar, eina skilyrðið var að það áttu öll börnin að hjálpast að við að ganga frá fyrir hádegisverðinn. Næst elstu börnin á Töfrasteini voru þá í vali í skólafestu og smíðju eða í flæði með Völusteini.

Alstund

Alstund gekk yfirleitt vel, börnin voru dugleg að hlusta á dægurlag dagsins og forvitin að vita heiti lagsins og flytjanda. Einnig voru börnin dugleg að taka þátt í morgunsöngnum. Þau voru eftirtektarsöm þegar dagskipulagið var sett upp og áhugasöm um upplýsingar fyrir daginn sem sagt var frá.

Eina sem flæktist dálítið fyrir yngri börnunum á deildinni var hvar þau ættu að sitja í alstundinni. Það gekk mjög illa að kenna börnunum hvar þau ættu að sitja en hver aldurshópur hafði sitt svæði til að vera á í þessum stundum. Starfsmenn deildarinnar voru ekki alveg nógu vakandi yfir því að aðstoða börnin við að finna sætin sín.

Val

Öll börnin fengu val fyrir hádegi 1-2 í viku og gekk það alltaf vel. Yngstu börnin sem færðust frá Völusteini yfir á Töfrastein um haustið voru fljót að læra inn á valkerfið og biðlistana en biðlistinn var þegar það var orðið fullt á einu valsvæði þá var hægt að fara á biðlistann og láta ná í sig þegar það losnaði pláss á valsvæðinu. Börnunum gekk vel að standa við val sitt en þau þurftu að vera á því leiksvæði sem þau völdu að leika á í 30 mín í senn. Frágangur í lok val tímans var aftur á móti heldur erfiður en starfsfólk hefði mátt vera duglegra að leiðbeina og hjálpa börnunum í tiltekt.

Reynt var að koma inn útivali eftir hádegi en þá voru börnin öll komin út og valið var sett upp úti. Það gleymdist oft að láta börn setja upp valið og eins vildu börnin oftast flest bara vera áfram úti að leika sér þannig að hin valsvæðin voru tóm og útivalið hætti sjálfkrafa.

Hópastarf

Í vetur var lagt upp með tvo hópa í hópastarfi á Töfrasteini. Börnin völdu hvaða þemu þau vildu vinna með en þau völdu að vinna með sjávardýr og húsdýr.

Fljótlega kom í ljós að fjögur börn sem voru í barnahópnum áttu við málörðugleika og slaka félagsfærni að etja svo þau gátu ekki tekið þátt í þemavinnunni. Þau skildu ekki um hvað verkefnin snerist og gátu ekki valið sér verkefni í þemavinnunni og þau skemmdu fyrir hinum börnunum. Ákveðið var því að þessi fjögur börn fengju hópastarf saman þar sem unnið var með líkamshlutana, málproskann og félagsfærni. Þessi barnahópur fékk svo hópastarf tvisvar í viku þar sem unnið var með málþjálfun, hlustun, skilning, félagsfærni, samvinnu, samskipti og félagslegan leik. Það reyndist vera góð ákvörðun og fengu þá öll börn að njóta sín í sínu hópastarfi.

Útikennsla

Farið var af stað með öflugt og flott útikennslustarf, en vegna veikinda og erfiðra veðurskilyrða féll útikennslan oft niður yfir háveturinn og fengu börnin þá að vinna í listasmiðjunni í staðinn eða fóru í málörvun og talnaskilning. Úrvinnsla úr útikennslunni var nánast engin.

Börnin á Töfrasteini fengu samt sem áður mikið, skemmtilegt, fjölbreytt og fróðlegt starf.

Hlakka til næsta skólaárs með flottum barnahópi
Pernille Tönder deildarstjóri

10.3 Fylgiskjal

Sumarstarfið sumarið 2022

Í Vinaminni er sumarstarfs barnanna alltaf mjög öflugt og skemmtilegt. Elstu börnin sem eru að kveðja leikskólann sinn og hverfa á vit nýrra ævintýra í grunnskólanum næsta haust fara í námsferðir á hverjum degi. Ýmist fara þau í heilsdagsferðir og taka þá með sér ávaxtabita, vatnsbrúsann sinn og hádegisverðinn. Í heilsdagsferðum fara börnin á söfn eða í ferðir sem taka lengri tíma þar sem vegalengdin er lengri, eins og að fara í Nauthólsvík, á Klambratún, í Viðey o.s.frv. (sjá ferðir hér fyrir neðan).

Yngri börnin fara líka í ferðir og hjólaferðir.

Sumarið er tími útiveru, hreyfingar, njóta náttúrunnar og nýta þennan tíma til að víkka sjóndeildarhring barnanna út fyrir leikskólalóðina.

Sumarskipulag barna sem stunduðu nám í Vísdomsstundum skólaárið 2021-2022

Suma daga fara börnin í heilsdagsferðir og þá fara þau með nesti með sér til að borða í hádeginu.

Ég vil biðja ykkur foreldra um að koma með góðan bakpoka sem situr vel á bakinu og heftir ekki hreyfingar barnsins

Þétt og gott nestisbox sem þolir sósu og grauta og rúmar hádegisverð barnsins

Börnin þurfa einnig að hafa vatnsbrúsa með sér í öllum ferðum.

Bakpokarnir og nestisboxin sem verða þriffin í leikskólanum verða geymd í leikskólanum

Rauðar ferðir eru heimsóknir á staði þar sem börnin fá fræðslu og leiðsögn en það þarf að panta fyrir fram. Stundum þarf að leggja af stað fyrir kl. 9:00 í strætisvagni.

Bláar ferðir eru ferðir þar sem farið er í náttúruperlur með strætisvagni.

Grænar ferðir eru ferðir þar sem áhersla er lögð á umhverfi og náttúru. Þá er farið með stækkunargler, rannsóknaráhugann og gleðina að vopni.

2.5. **Útikennsla í Elliðaárdal**

3.5.

4.5. Hjóladagur

5.5.

6.5. Umferðafræðsla og ferðareglur

9.5. **Útikennsla í Elliðaárdal**

10.5.

11.5. Myndataka og hjóladagur

12.5.

13.5. **Húsdýragarður og Grasagarður (heils dags)**

14.5. **Útskrift 10:00-13:00**

16.5. **Náttúrufræðistofa Kópavogs**

17.5. Hjóladagur

18.5. Maximús Músíkús kl 9:00 – **Útikennsla** (heils dags)

19.5. Hjóladagur

20.5. Rólórúntur

21.5. **Opið hús 11:00-13:00**

23.5. **Fugla-og plöntufræðsla**

24.5. **Hjóladagur (hesthúsheimsókn)**

25.5. **Útikennsla í Elliðaárdal (heils dags)**

26.5. **Lokað**

27.5. Hjóladagur

30.5. **Sjóminjasafn (heils dags)**

31.5. Hjóladagur

- 1.6. Hvalasafn (heils dags)
- 2.6. Hjóladagur
- 3.6. Landnámskynning í Vinaminni

- 6.6. Lokað
- 7.6. Hjóladagur
- 8.6. Landnámssýning (heils dags)
- 9.6. Hjóladagur
- 10.6. Stöðvar ef veður leyfir

- 13.6. Klambratún (heils dags)
- 14.6. Hjóladagur
- 15.6. Nauthólsvík (heils dags)
- 16.6. Bessastaðir (heils dags)
- 17.6. Lokað

- 20.6. Ljósmyndasafn (heils dags)
- 21.6. Hjóladagur
- 22.6. (Heiðmörk) ef veður leyfir.
- 23.6. Hjóladagur
- 24.6. Stöðvar ef veður leyfir

- 27.6. Víðey (heils dags)
- 28.6. Hjóladagur f.h. sumarhátíð eftir hádegi .
- 29.6. Útikennsla
- 30.6.
- 1.7. Sumarfrí 😊

Sumarskipulag barna sem eru fædd 2018 og 2017

Suma daga fara börnin í heilsdagsferðir og þá fara þau með nesti með sér til að borða í hádeginu. Ég vil biðja ykkur foreldra um að koma með góðan bakpoka sem situr vel á bakinu og heftir ekki hreyfingar barnsins.

Þétt og gott nextisbox sem þolir sósu og grauta og rúmar hádegisverð barnsins. Börnin þurfa einnig að hafa vatnsbrúsa með sér í öllum ferðum. Bakpokarnir og nestisboxin verða þrífir og geymd í leikskólanum.

Þegar farið er í ferðir er farið úr húsi um kl. 9:15

Bláar ferðir eru ferðir þar sem farið er með strætisvagni.

Grænar ferðir eru þar sem áhersla er lögð á umhverfi og náttúru.

Fjölublár eru viðburðir heima í garði leikskólans eða fyrir utan garðinn.

Ferðir barna fædd 2018 og barna fædd 2017 eru eins nema annað sé tekið fram.

- 16. 5.
- 17.5.
- 18.5. Maximús Músíkús kl 9:00
- 19.5.
- 20.5.
- 21.5. Opið hús 11:00 – 13:00

- 23.5.
- 24.5. Útikennsla
- 25.5. Hjóladagur
- 26.5. Lokað

- 27.5. Stöðvar
- 30.5. Íþróttadagur
- 31.5. Útikennsla (9:30-14:30) börn fædd 2018 Húsdýragarðurinn börn fædd 2017
- 1.6. Hjóladagur
- 2.6. Útikennsla
- 3.6. Landnámskynning í Vinaminni börn fædd 2017
- 6.6. Lokað
- 7.6. Húsdýragarðurinn (9:00-15:00) börn fædd 2018 Náttúrufræðistofa Kópavogs börn fædd 2017
- 8.6. Hjóladagur
- 9.6. Útikennsla
- 10.6. Vatnafjör
- 13.6. Stöðvar börn fædd 2018 Útikennsla í Elliðaárdal börn fædd 2017
- 14.6. Útikennsla (9:30 – 14:30) börn fædd 2018 Árbæjarsafn börn fædd 2017
- 15.6. Hjóladagur
- 16.6. Skróðganga (9:30 – 11:00)
- 17.6. Lokað
- 20.6. Íþróttadagur börn fædd 2018 Útikennsla í Elliðaárdal börn fædd 2017
- 21.6. Útikennsla (9:30 – 14:30) börn fædd 2018 Stöðvar börn fædd 2017
- 22.6. Hjóladagur
- 23.6. Útikennsla
- 24.6. Gullleitardagur
- 27.6. Stöðvar
- 28.6.
- 29.6. Hjóladagur
- 30.6.
- 1.7. Sumarfrí 😊

Með fyrirvara um breytingar vegna veðurs eða annarra aðstæðna sem geta komið upp.

10.4 Fylgiskjal

Barnamenningarhátíð 2022, börnin í Vinaminni sóttu eftirtalda viðburði:

Þriðjudagur 5. 4.

Vísdomshópur: Líf í geimnum (Norræna húsið)

Miðvikudagur 6.4.

Apahópur, Kisuhópur og Vinaminnishópur: Búningahorn litlu víkinganna (landnámssýningin í Reykjavík Aðalstræti 16)

Völusteinn + KÓ og MH: sautjónþúsund sólargeislar – náttúran okkar (Fella-og Hólakirkja)

Fimmtudagur 7.4.

Vísdomshópur: Hringrás vatnsins á jörðinni (Perlan)

Föstudagur 8.4.

Vísdomshópur: Náttúra í hljóði og myndum (Listasafn Íslands, Safnahús, Hverfisgata 15)

10.5 Fylgiskjal

Hegðun og tilfinningar barna: Áskoranir og úrræði.

Í janúar 2022 komu nemendur sem stunda nám í leikskólakennarafræðum með verkefnavinnu í Vinaminni. Kúrsinn sem þeir voru að vinna með heitir: Hegðun og tilfinningar barna: Áskoranir og úrræði.

Fjórir nemendur voru í vinnuhópnum og megin verkefnið var að kortleggja styrkleika og vanda barns með hegðunar og tilfinningavanda. Einnig gerðu nemendurnir áhorfsathuganir í leikskólanum, komu með tillögur að úrræðum og prófuðu og mátu árangurinn af inngripinu. Arndís Þorsteinsdóttir sálfræðingur handleiddi nemendahópinn.

Foreldrar barnsins sem var valið í verkefnið voru að sjálfsögðu teknir í viðtal, þeim kynnt verkefnið og ráðlagt hvað þau gætu gert heima með barninu.

Þetta var skemmtilegt verkefni og skilaði nokkrum árangri fyrir barnið auk þess sem starfsmenn leikskólans lærðu góðar aðferðir við að láta börnum með tilfinningavanda líða betur og hjálpa þeim að æfa sig í að ráða við tilfinningavanda.

F. h. leikskólans .

Sólveig Einarsdóttir

06.07.2022

Leikskólastjóri

Dagsetning

Starfsáætlun 2022-2023

Leikskólinn Vinaminni.

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Stefanía Erika Kristjánsdóttir, formaður
Tinna Ósk Þorvaldsdóttir, gjaldkeri
Sigríður Guðmundsdóttir, meðstjórnandi
Birta Morgensen, meðstjórnandi
Inga Sigurrós Guðnadóttir, meðstjórnandi
Sólveig Einarsdóttir leikskólastjóri, tengiliður

Um starfsáætlun leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla.

Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hver leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun Leikskólasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til Leikskólasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir Leikskólaráð til samþykktar.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Starfsáætlun Vinaminnis er vel unnin og lýsir vel því góða starfi sem starfsfólk Vinaminnis sinnir með börnunum okkar.

Á covid tímum gekk starfsfólki leikskólans mjög vel að sinna skipulögðu skólastarfi sem skilar sér til barnana.

Upplýsingaflæði frá kennurum til forleðra er til fyrirmyndar og gaman að heyra um allar vettvangsferðir, hjólaferð og aðra útikennslu sem börnin stunda.

Einnig finn ég í gegnum mína dóttur hve mikið henni fer fram í tali og skilning hennar á tölum og veit ég að mikið er unnið með lestur og tölur í hópastarfinu.

Valið er líka flott eykur hjá þeim sjálfstæðan vilja og færni til að velja úr mörgu skemmtilegu eða að forgangsraða.

Ég er persónulega mjög ánægð með starfið sem starfsfólkið á Vinaminni sinnir, það er alltaf tekið vel á móti minni dóttur og hún er alltaf glöð í leikskólanum.

Stefanía Eiríka

Formaður foreldraráðs

Starfsáætlun leikskólans Vinaminnis endurspeglar starf skólans á frábæran hátt. Starfsfólk leikskólans vinnur virkilega flott og öflugt starf með börnunum sem er í takt við starfsáætlunina. Læsi í leik sýnir sig virkilega vel hjá börnum sem útskrifast úr leikskólanum og eru allt í einu orðin læs án þess jafnvel að átta sig á því sjálf. Allur útbúnaður á leikskólanum er til fyrirmyndar og valkerfið sem nýtt er frá því börnin eru mjög ung kennir þeim mikið um sjálfstæða hugsun. Vísdomsstundirnar eru ótrúlega flottar og skila börnunum mjög tilbúnum upp á næsta skólastig. Leikskólinn tekur vel á móti hverju einasta barni á þann hátt að öllum börnum getur fundist það einstakt og fellur ekki í skugga annarra barna.

Börnum líður vel á leikskólanum og virðis starfafólki einnig líða vel. Frábært samband myndast á milli barna og alls starfsfólks.

Covid faraldurinn hefur ekki náð að hafa mikil áhrif inn á leikskólann og börnin fengið að vera áhyggjulaus að mestu á leikskólanum sínum.

Vinaminni skilar frá sér félagslega sterkum einstaklingum út í grunnskólana sem hafa lært virðingu, vináttu og ábyrgð.

Tinna Ósk Þorvaldsdóttir

Gjaldkeri foreldraráðsins

Það starf sem unnið er í Vinaminni í þágu barnanna er einstakt og skín metnaður, ánægja og áhugi starfsfólks í gegn í hvívetna sem og hversu umhugað því er um börnin, velferð þess og framþróun sem endurspeglast greinilega í vinalegu viðmóti þess til barna og foreldra sem skilar sér í þroska og vellíðan barnanna á leikskólanum sem og ánægju foreldra með starfsfólk og það mikilvæga starf sem unnið er á leikskólanum.

Áhersla á fræðslu og starfsþróun starfsmanna hefur áhrif á ánægju starfsmanna leikskólans og þar með starfsanda og umönnun og því mikilvægt að halda því góða starfi áfram.

Upplýsingagjöf starfsmanna til foreldra er góð og upplýsingar um matseðil, hversu vel barnið borðaði yfir daginn og svefn aðgengilegar og sýnilegar sem og hvað var gert með börnunum. Auk þess er upplýsingagjöf stjórnenda til foreldra góð og málefnum er varðar starfsemi leikskólans eða viðburði komið tímanlega á framfæri við foreldra.

Áhersla á fjölbreytt starf s.s. samverustundir, stöðvavinnu, frjálsan leik, söng, máltöku, útiveru og flæði skilar sér í þroska og sjálfstæði barnanna. Starfið í Vinaminni er til fyrirmyndar og er starfsáætlun 2022-2023 til marks um það.

Kveðja Birta Mogensen



Starfsáætlun
umsögn 2022.pdf

Ég hef verið með 3 börn í Vinaminni og hef tekið eftir mjög góðu andrúmslofti þar sem vel er tekið á móti börnum og hlýja og góð samskipti eru stunduð. Leikskólinn einbeitir sér mikið af eflingu einstaklingsins og sjálfstæðum vinnubrögðum. Þar er mikið farið í undirbúning fyrir skólanna þar sem mottóið lærum með leik sem hefur reynst okkar börnum mjög vel. Allt þetta kemur einstaklingum sterkum inn í næsta skólastig og lífið.

Kær kveðja Systa

